



B.Sc. í viðskiptafræði

Uppgjör íslenskra félaga í erlendri mynt

Júní, 2017

Nafn nemanda: Egill Guðlaugsson

Kennitala: 190293-2469

Nafn nemanda: Þórdís Björk Gunnarsdóttir

Kennitala: 231193-3169

Leiðbeinandi: Elín Hanna Pétursdóttir

Uppgjör íslenskra félaga í erlendri mynt

Ritgerð þessa má ekki afrita nema með leyfi höfunda

© Egill Guðlaugsson og Þórdís Björk Gunnarsdóttir

Reykjavík, 2017

Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki héraðs né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðs / undirritaðrar, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift minni staðfesti ég og samþykki að ég hef lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skil þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

| | | |
|------------|-----------|-------------|
| Dagsetning | Kennitala | Undirskrift |
|------------|-----------|-------------|

| | | |
|------------|-----------|-------------|
| Dagsetning | Kennitala | Undirskrift |
|------------|-----------|-------------|

Útdráttur

Rannsókn þessi fjallar um íslensk félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Við gerð rannsóknarinnar var aflað gagna úr ársreikningum þessara félaga en þau eru alls 236 talsins. Jafnframt voru tekin viðtöl við forsvarsmenn fjögurra félaga ásamt viðtali við sérfræðing á þessu sviði. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að langflest félaganna notast við evru eða bandaríkjadal. Auk þess kemur fram að algengara er innan ákveðinna atvinnugreina að félög færi bókhald og semji ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt skila hlutfallslega betri rekstrarniðurstöðu og eru fjárhagslega betur stæð en önnur íslensk félög. Teknar eru saman nokkrar ástæður þess að stjórnendur félaga ákveða að breyta um gjaldmiðil í rekstri þeirra. Þær helstu eru minni áhrif gengisbreytinga og réttari mynd af rekstri félaganna. Ennfremur benda niðurstöðurnar til þess að tímasetning með tilliti til gengis íslensku krónunnar geti skipt máli þegar breytt er um rekstrargjaldmiðil hjá félögum.

Formáli

Rannsóknarverkefni þetta er til B.Sc. gráðu við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og er vægi þess 12 ECTS einingar. Verkefnið var unnið á vorönn 2017 undir leiðsögn Elínar Hönnu Pétursdóttur. Viljum við þakka henni fyrir stuðning, leiðsögn og gott samstarf í verkefninu. Auk þess viljum við þakka þátttakendum rannsóknarinnar fyrir sýndan áhuga og góðar móttökur. Ólafi Magna Sverrissyni hjá ársreikningaskrá, ásamt öðrum starfsmönnum þar, þökkum við fyrir hlýjar móttökur og aðstoð við öflun gagna. Sömuleiðis viljum við þakka Leifi Gréтарssyni hjá Creditinfo fyrir aðstoð við öflun gagna. Jóni Arnari Óskarssyni, hjá KPMG, þökkum við fyrir veittar upplýsingar og góðar móttökur. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir dyggan stuðning við framkvæmd verkefnisins, yfirlestur og góðar ábendingar.

Reykjavík, 15. maí 2017

Egill Guðlaugsson

Þórdís Björk Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

| | | |
|-------------|--------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 1. | Inngangur | 1 |
| 2. | Bókhald | 3 |
| 3. | Ársreikningar | 3 |
| 4. | Bókhald og ársreikningar í erlendri mynt..... | 4 |
| 4.1. | Frumvarp um breytingar á lögum | 5 |
| 4.1.1. | Lög nr. 145/1994 um bókhald..... | 5 |
| 4.1.2. | Lög nr. 3/2006 um ársreikninga..... | 5 |
| 4.1.3. | Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt..... | 7 |
| 4.2. | Ákvörðun um breyttan gjaldmiðil..... | 8 |
| 4.3. | Helstu ástæður fyrir breyttum gjaldmiðli | 9 |
| 4.4. | Helstu breytingar á rekstri félaga við upptöku erlends gjaldmiðils..... | 11 |
| 4.5. | Áhrif á greiðslu skatta | 12 |
| 4.6. | Áhrif tímasetningar á breytingu á uppgjörsgjaldmiðli | 14 |
| 4.7. | Aukið aðgengi að erlendu fjármagni..... | 16 |
| 4.8. | Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar | 17 |
| 5. | Rannsókn | 19 |
| 5.1. | Aðferð..... | 19 |
| 5.1.1. | Pátttakendur | 19 |
| 5.1.2. | Mælitæki | 20 |
| 5.1.3. | Framkvæmd | 20 |
| 5.1.4. | Úrvinnsla..... | 21 |
| 6. | Niðurstöður..... | 21 |
| 6.1. | Skipting félaga eftir gjaldmiðlum..... | 21 |
| 6.2. | Skipting félaga eftir atvinnuvegum | 22 |
| 6.3. | Skipting félaga eftir atvinnugreinum | 24 |

| | | |
|--------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 6.4. | Skipting félaga eftir stærð | 25 |
| 6.5. | Skipting félaga eftir tímasetningu stofnunar..... | 26 |
| 6.6. | Helstu ástæður fyrir breyttum gjaldmiðli | 27 |
| 6.7. | Skipting tekna og útgjalda eftir gjaldmiðlum | 29 |
| 6.7.1. | Tekjur..... | 29 |
| 6.7.2. | Útgjöld | 30 |
| 6.8. | Helstu breytingar hjá félögum við upptöku nýs gjaldmiðils..... | 31 |
| 6.8.1. | Greiningarvinna | 31 |
| 6.8.2. | Breytingar við færslu bókhalds..... | 32 |
| 6.8.3. | Breytingar við útreikning skatta..... | 32 |
| 6.9. | Rekstrarform félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli | 33 |
| 6.10. | Áhrif erlends gjaldmiðils á rekstur og efnahag félaga | 34 |
| 6.10.1. | Eiginfjárlutföll..... | 35 |
| 6.10.2. | Framúrskarandi fyrirtæki | 36 |
| 6.11. | Tímasetning | 37 |
| 6.11.1. | Möguleg áhrif gengisbreytinga á fjölda veittra heimilda..... | 38 |
| 6.12. | Fjármögnun | 40 |
| 6.12.1. | Alþjóðlegir reikningskilastaðlar | 41 |
| 7. | Umræða..... | 42 |
| 7.1. | Takmarkanir og frekari rannsóknir | 45 |
| 7.2. | Lokaorð..... | 45 |
| 8. | Heimildaskrá | 46 |

Myndayfirlit

| | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Áhrif breytts gengis íslensku krónunnar á eiginfjárlutfall félags | 16 |
| Mynd 2. Fjöldi félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings skipt eftir gjaldmiðlum | 22 |
| Mynd 3. Hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt skipt eftir atvinnuvegum..... | 23 |
| Mynd 4. Hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt skipt eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir einungis atvinnugreinar með 5% eða hærra hlutfall | 25 |
| Mynd 5. Hlutfall félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli eftir stærð..... | 26 |
| Mynd 6. Breyting á gengi milli gjaldmiðla 2002-2017 (Seðlabanki Íslands, e.d.; OFX, e.d.) | 28 |
| Mynd 7. Hlutfall félaga, innan ákveðins rekstrarforms, sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli | 34 |
| Mynd 8. Eiginfjárlutfall þeirra félaga sem hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt í lok rekstrarárs 2015..... | 36 |
| Mynd 9. Fjöldi félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt og breytingar á gengi íslensku krónunnar 2002-2016 (Seðlabanki Íslands, e.d.) | 39 |
| Mynd 10. Fjöldi félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í evrum og bandaríkjadöllum 2002-2016 | 40 |
| Mynd 11. Hlutfall félaga sem hlíta IFRS stöðlum..... | 42 |

Töfluyfirlit

| | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1 Félag með tekjur og aðföng í evrum en annan kostnað og fjármögnun í íslenskum krónum – Uppgjörsgjaldmiðill: ISK – Er gengisáhætta til staðar?..... | 10 |
| Tafla 2 Félag með tekjur, aðföng, afskriftir og fjármögnun í evrum en annan kostnað í íslenskum krónum – Uppgjörsgjaldmiðill: EUR – Er gengisáhætta til staðar?..... | 10 |
| Tafla 3 Félög flokkuð eftir stofnun þeirra og tímasetningu fengnar heimildar til færslu bókhalds og sammings ársreiknings í erlendri mynt..... | 27 |
| Tafla 4 Hlutfall félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eftir rekstrarformum | 33 |

1. Inngangur

Á síðastliðnum áratugum hefur borið á aukinni alþjóðavæðingu hjá íslenskum félögum og þónokkur íslensk félög, með starfsemi á Íslandi, afla meginþorra tekna sinna frá öðrum löndum og í öðrum gjaldmiðlum. Þessi félög hafa í auknum mæli fært fjármögnun sína í erlenda mynt. Það sama á við um fjölda annarra íslenskra félaga. Þar sem félögin eru með stóran hluta tekna, og í sumum tilvikum gjalda, í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni geta gengissveiflur íslensku krónunnar haft nokkur áhrif á rekstur þeirra (Viðskiptaráð Íslands, 2008).

Samhliða þessari alþjóðavæðingu kallaði atvinnulífið, um aldamótin síðustu, eftir því að heimild yrði veitt íslenskum félögum til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt. Árið 2000 skipaði þáverandi fjármálaráðherra sérstaka nefnd til þess að endurskoða lög um ársreikninga og lög um bókhald en markmið nefndarinnar var að kanna fýsileika þess að heimila félögum að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt. Í skýrslu nefndarinnar kom fram að kostir slíkrar heimildar væru margþættir. Þeir voru meðal annars að samanburður íslenskra félaga og erlendra félaga myndi verða auðveldari, að hægt væri að draga úr sveiflum í afkomu félaga vegna gengisbreytinga, að aðgengi og skilningur erlendra fjárfesta og lánastofnana á íslenskum félögum myndi aukast, að auðveldara yrði fyrir íslensk móðurfélög að reka dótturfélög erlendis sem og að auðveldara yrði fyrir erlend félög að reka dótturfélög á Íslandi (Þingskjal, 468, 2001-2002). Rökin fyrir því að heimila íslenskum félögum að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt voru þar af leiðandi nokkur.

Heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt var veitt í ársbyrjun 2002 en félög sem sækja um slíka heimild þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði sem sett eru fram í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 en þar kemur meðal annars fram að félög megi notast við erlendan gjaldmiðil við færslu bókhalds og samnings ársreiknings ef sá gjaldmiðill er jafnframt starfrækslugjaldmiðill félagsins. Með því er átt við þann gjaldmiðil sem félagið notast að mestu leyti við í viðskiptum sínum.

Stofnanir og fyrirtæki hafa gefið út skýrslur sem vekja athygli á fýsileika þess fyrir ákveðin félög að færa bókhald, ásamt því að semja ársreikning, í erlendum gjaldmiðli (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008; Fjármálaeftirlitið, 2007; Knútur Þórhallsson, 2002). Í þessari ritgerð verður leitast við að taka saman helstu atriði sem liggja fyrir um færslu bókhalds og samning ársreiknings í erlendri mynt. Þar á meðal lög og reglur sem eiga þar við. Auk þess verður farið yfir ástæður þess að félög kjósa að færa rekstur sinn yfir í annan gjaldmiðil en

Íslensku krónuna og hverju félögin þurfa að huga að við breytingarnar. Einnig verður fjallað um kostnað slíkra breytinga og hvort tímasetning breytinganna skipti máli. Þessu til viðbótar verða tekin saman ýmis gögn sem liggja fyrir, ásamt nýjum gögnum, um þau félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt en með vinnslu gagnanna er markmiðið að sýna hvers kyns félög það eru sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt ásamt öðrum tölfræðilegum niðurstöðum um þessi félög. Rannsóknarspurningarnar sem hér verður leitast við að svara eru eftirfarandi:

- Hvaða gjaldmiðla eru félög, sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt, að notast við?
- Er færsla bókhalds og samningur ársreiknings í erlendri mynt algengari innan ákveðinna atvinnugreina frekar en annarra?
- Hverjar eru ástæður þess að stjórnendur félaga kjósa að breyta um gjaldmiðil í rekstri?
- Hefur færsla bókhalds og samningur ársreiknings í erlendri mynt skilað betri rekstrarniðurstöðu fyrir félög sem nýta sér slíka heimild?
- Skiptir tímasetning máli þegar breytt er um gjaldmiðil í rekstri félags?

2. Bókhald

Samkvæmt lögum ber öllum bókhaldsskyldum félögum og einstaklingum að færa bókhald í samræmi við bókhaldslög („Bókhald“, e.d.). Bókhaldsskyldir aðilar eru eftirfarandi:

1. Hlutfélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila
2. Samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu
3. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna
4. Bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra tölulíði þessarar greinar
5. Hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur
6. Þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur
7. Hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu
8. Hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi

(*Lög um bókhald* nr. 145/1994)

Bókhald skal gefa nægjanlega skýra mynd af rekstri og efnahag starfseminnar svo að eigendur, hið opinbera og lánardrottinn geti metið tekjur, gjöld, eignir og skuldir hennar. Bókhald skal vera aðgengilegt svo hægt sé að rekja einstaka færslur og viðskipti. Bókhald skal vera í samræmi við umfang starfseminnar og fara skal eftir bókhalds- og reikningskilavenjum hvers tíma sem og lögum og reglum. Skipulag og eftirlit með bókhaldi skal vera þannig háttáð að bókhaldsgögn séu vel varðveitt og að meðferð gagnanna og verkaskipting tryggi áreiðanlegt bókhald þannig að komið sé í veg fyrir mistök eða misnotkun (*Lög um bókhald*).

3. Ársreikningar

Lög um ársreikninga tóku fyrst gildi á Íslandi þann 1. janúar árið 1995. Lögin hafa tekið nokkrum breytingum síðan og voru endurskoðuð í janúar árið 2006 (*Lög um ársreikninga* nr. 3/2006). Öll hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eru skyldug til að semja ársreikning og skila inn til ársreikningaskrár til opinberrar birtingar („Skil á ársreikningum“, e.d.). Megintilgangur ársreikninga er að koma upplýsingum um fjárhagsstöðu og rekstur félaga til hagaðila þess. Þannig geta ársreikningar hjálpað stjórnendum að taka upplýstar ákvarðanir byggðar á

upplýsingum ársreiknings en þá þarf kunnátta við lestur og greiningu ársreikninga að vera til staðar. Sama gildir um fjárfesta og aðra hagaðila (Van Auken og Carraher, 2011).

Ársreikningur er gerður eftir hvert reikningsár félags, en reikningsár miðast við tólf mánuði, og skal hann gefa lesanda ársreikningsins glögga mynd af rekstri félagsins, þ.e. glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Ábyrgð á gerð ársreiknings ber stjórn og framkvæmdastjóri félags (*Lög um ársreikninga*). Ársreikninga má semja með tvennu móti, annars vegar má semja þá samkvæmt lögum um ársreikninga en í þeim tilvikum þar sem lögin gefa ekki nægjanlega ítarlegar upplýsingar skal styðjast við settar reikningsskilareglur reikningsskilaráðs og alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hins vegar má semja ársreikninga einungis samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) (Félag löggiltra endurskoðenda [FLE], 2011). Samkvæmt lögum um ársreikninga skal ársreikningur ávallt innihalda að minnsta kosti rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Þar að auki skal ársreikningur lítilla, meðalstórra og stórra félaga innihalda skýrslu stjórnar. Ársreikningur meðalstórra og stórra félaga skal einnig innihalda sjóðstreymisýfirlit. Þá skulu efnahagsreikningur og rekstrarreikningur settir upp með kerfisbundnum hætti og í samræmi við reglur um uppsetningu þeirra (*Lög um ársreikninga*).

4. Bókhald og ársreikningar í erlendri mynt

Síðla árs 2000 skipaði þáverandi fjármálaráðherra Íslands, Geir H. Haarde, nefnd sem var falið að endurskoða lög um ársreikninga og lög um bókhald (Þingskjal 468, 2001-2002). Á þessum tíma höfðu ný lög tekið gildi í nágrannalöndum Íslands (Danmörk, Svíþjóð og Noregur) er vörðuðu færslu bókhalds og samning ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Lögin í þessum löndum voru ólík og heimiluðu félögum, til að mynda, ýmist að semja ársreikninga einungis í evrum til viðbótar við gjaldmiðil síns lands eða heimiluðu félögum að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli en bókhald þurfti að vera í innlendum gjaldmiðli. Nefndin sem vann að endurskoðun laga um ársreikninga og laga um bókhald á Íslandi gat því að nokkru leyti byggt á reynslu nágrannalandanna (Þingskjal 468, 2001-2002).

Helstu rök fyrir því að leyfa fyrirtækjum að gera upp rekstur sinn í erlendum gjaldmiðli voru þau að samanburður við erlend fyrirtæki væri auðveldari, að sveiflur vegna gengisbreytinga hjá félögum yrðu minni og að aðgengi að erlendu fjármagni, bæði í formi lánveitinga og hlutafjár, myndi verða auðveldara. Þessu til viðbótar myndi það auðvelda íslenskum félögum að reka dótturfélög erlendis sem og fyrir erlend félög að reka dótturfélög á Íslandi. Starf

nefndarinnar fólst auk þess í að skoða hvort leyfa ætti félögum, sem fengju leyfi til þess að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, að standa skil á sköttum í sama gjaldmiðli. Við nánari skoðun kom í ljós að uppgjör og bókhald í erlendri mynt getur haft þau áhrif að upphæðir í rekstrar- og efnahagsreikningum félaga verða ólíkar eftir því hvort um er að ræða íslenskar krónur eða erlendan gjaldmiðil. Þannig gætu félög í svipuðum rekstri en með bókhald og uppgjör í sitthvorum gjaldmiðli haft ólíka skattstofna (Þingskjal 468, 2001-2002).

4.1. Frumvarp um breytingar á lögum

Í kjölfar vinnu nefndarinnar lagði fjármálaráðherra fram frumvarp um breytingar á lögum. Frumvarpið var lagt fyrir á 127. löggjafarþingi og áttu lögin að öðlast gildi 1. janúar árið 2000. Frumvarpið skiptist í þrjá flokka, þ.e. breyting á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt (Þingskjal 468, 2001-2002).

4.1.1. Lög nr. 145/1994 um bókhald

Frumvarp um breytingar á bókhaldslögum var að mestu leyti samþykkt óbreytt en einhverjar breytingar voru þó gerðar á frumvarpinu uns lögin voru samþykkt (Þingskjal 468, 2001-2002). Til viðbótar við ákvæði laga um að bókhaldsbækur félaga skuli vera hér á landi bættist við að félög hafi nú heimild til þess að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í sama gjaldmiðli. Texti bókhaldsbókanna má jafnframt bæði vera á íslensku, ensku eða dönsku (*Lög um bókhald* nr. 145/1994). Í frumvarpinu var lagt til að þau félög sem færa bókhald sitt í erlendri mynt þyrftu jafnframt að færa bókhald í íslenskri mynt en þetta ákvæði var felld út úr endanlegum texta laganna. (Þingskjal 468, 2001-2002). Í frumvarpinu var enn fremur bætt við nýrri málsgrein er varðaði varðveislu á bókhaldsgögnum, þ.e. að félög sem hafa heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli með starfsstöð erlendis þurfa ávallt að hafa reiðubúin þau bókhaldsgögn sem eru á rafrænu formi en önnur bókhaldsgögn þurfa að vera aðgengileg innan skynsamlegra tímamarka. Auk þess mega þessi félög ekki farga bókhaldsgögnum með förguðum tölvubúnaði heldur þurfa þau að yfirfæra gögnin yfir á nýjan og aðgengilegan miðil. Þessi hluti frumvarpsins var samþykktur án breytinga (*Lög um bókhald*).

4.1.2. Lög nr. 3/2006 um ársreikninga

Samkvæmt núverandi lögum um ársreikninga nr. 3/2006, sem áður voru lög nr. 144/1994, geta félög fengið heimild, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, til þess að færa bókhald og semja

og birta ársreikninga í erlendri mynt og er það hlutverk ársreikningaskrár að veita slíka heimild. Þegar frumvarp um breytingar á lögum um ársreikninga var fyrst sett fram þurfti að uppfylla að minnsta kosti eitt af fjórum skilyrðum sem sett voru fyrir því að heimila félögum að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt. Fyrsta skilyrðið var að félög þyrftu að vera hluti af erlendri samstæðu eða vera með meginstarfsemi erlendis og að starfrækslugjaldmiðill þeirra væri annar en íslensk króna. Annað skilyrðið var að félögin ættu erlend dótturfélög eða hlutdeild í þeim með meginstarfsemi erlendis. Þriðja skilyrðið var að félög væru með meirihluta viðskipta sinna í erlendum gjaldmiðli þrátt fyrir að meginstarfsemi þeirra væri á Íslandi. Fjórða og síðasta skilyrðið var að bróðurpartur fjárfestinga og skulda félaganna væri í erlendri mynt (Þingskjal 468, 2001-2002, 5. gr).

Í núgildandi lögum um ársreikninga eru skilyrði þess að heimila félögum að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli með breyttu móti (*Lög um ársreikninga*). Þar kemur fram að félög megi færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli ef starfrækslugjaldmiðill þeirra er erlendur. Með starfrækslugjaldmiðli er átt við þann gjaldmiðil sem er hvað umfangsmestur í meginefnahagsumhverfi félaga eða með öðrum orðum sá gjaldmiðill sem hefur hvað mest áhrif á handbært fé félaga. Þegar starfrækslugjaldmiðill er ákveðinn er horft til tekna og gjalda en einnig til þess hvaða gjaldmiðill hefur mest áhrif á sölu- og kostnaðarverð vara og/eða þjónustu viðkomandi félags. Því til viðbótar þarf að horfa til fjármögnunar félaga og varðveislu fjármuna þeirra og hvaða gjaldmiðill það er sem hefur mest áhrif þar á (*Lög um ársreikninga*).

Hjá félögum sem sækjast eftir heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli þarf umsókn að berast ársreikningaskrá áður en reikningsár félaganna hefst. Aftur á móti hjá nýstofnuðum félögum þarf slík umsókn að berast ársreikningaskrá í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir stofnun félaganna. Auk umsóknar þurfa félög að rökstyðja af hverju þau telji starfrækslugjaldmiðil sinn vera annan en íslenska krónu. Félögum sem fá veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli ber að viðhalda sömu aðferð í að lágmarki fimm ár nema upp komi sú staða að aðstæður hafi breyst þannig að félög telji starfrækslugjaldmiðil sinn ekki lengur vera erlendan heldur íslenskan. Ef aðstæður breytast með því móti þurfa félög að tilkynna það ársreikningaskrá. Ársreikningaskrá getur í þeim tilvikum heimilað félögum að færa bókhald og semja ársreikning aftur í íslenskum krónum eða ekki. Ef ársreikningaskrá heimilar þessar breytingar miðast þær við næsta reikningsár (*Lög um ársreikninga*). Í frumvarpinu um breytingar á lögum um ársreikninga kom fram að ársreikningaskrá skuli fylgjast með því að félög uppfylli skilyrði um

starfrækslugjaldmiðil og komi sú staða upp að ársreikningaskrá verði vís af því að félög uppfylli ekki lengur sett skilyrði getur ársreikningaskrá afturkallað heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Ef ársreikningaskrá afturkallar heimildina tekur sú breyting gildi við upphaf næsta reikningsárs. Ef um er að ræða tímabundnar aðstæður getur ársreikningaskrá veitt frest í að hámarki tvö reikningsár (Þingskjal 468, 2001-2002, 5. gr). Þessi hluti frumvarpsins var samþykktur óbreyttur.

Þegar félög hafa fengið heimild til þess að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli þarf að breyta samanburðarfjárhæðum, fyrra árs, í ársreikningi núverandi árs í samræmi við nýjan gjaldmiðil. Það skal gert með því að umreikna fjárhæðir efnahagsreiknings fyrra árs yfir á lokagengi þess árs. Suma efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, má þó umreikna á upphaflegu kaupgengi. Að sama skapi má umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á viðeigandi gengi þess tíma er innborgunin átti sér stað. Lögbundinn varasjóður skal, við umreikning yfir í erlendan gjaldmiðil, nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Félög skulu gera grein fyrir því hvernig þau kjósa að umreikna fjárhæðir efnahagsreiknings yfir í erlendan gjaldmiðil í skýringum ársreiknings þar sem aðferðir geta að nokkru leyti verið ólíkar á milli félaga (*Lög um ársreikninga*).

4.1.3. Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt

Þegar frumvarp til laga um breytingar á útreikningi tekjuskatts var lagt fram var lagt til að tekjuskattur til greiðslu skyldi reiknaðar út frá bókhaldi í íslenskum krónum og þar af leiðandi þyrftu þau félög, sem hefðu heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, að færa bókhald bæði í erlendum gjaldmiðli og í íslenskum krónum (Þingskjal 468, 2001-2002, 8. gr). Þessum ákvæðum var hins vegar breytt í meðförum Alþingis og samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 er félögum, sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt, heimilt að notast við annað hvort bókhald í íslenskum krónum eða bókhald í erlenda starfrækslugjaldmiðlinum við útreikning á tekjuskatti. Með þessu móti gefst félögum því kostur á að færa bókhald einungis í erlendum starfrækslugjaldmiðli kjósi þau að gera svo. Kjósi félög að reikna tekjuskatt eftir bókhaldi í erlendum gjaldmiðli er þess þó krafist að fjárhæðir í ársreikningi séu umreiknaðar yfir í íslenskar krónur við útreikning á tekjuskatti. Við umreikning tekna og gjalda, þar með talið fyrningar, skal miða við meðalgengi reikningsársins. Við umreikning eigna skal miða við kaupgengi Seðlabankans í árslok en við umreikning skulda og eigin fjár skal miða við sölugengi Seðlabankans í árslok. Þegar upphæðir eru umreiknaðar með þessum hætti kann að

myndast gengismunur en lög um tekjuskatt nr. 90/2003, sem hér er fjallað um, taka fram að slíkur gengismunur skuli ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi félaga.

Þegar félög kjósa að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum starfrækslugjaldmiðli skal við skattskil umreikna eignir á lokagengi þess reikningsárs. Þetta á við um fyrningargrunn eigna, fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem enn hafa ekki verið teknar í notkun. Við sölu á eignarhlutum, sem félag hefur eignast fyrir árslok 1996, skal fylgja lögum um söluhagnað af eignarhlutum í félögum (*Lög um tekjuskatt*) en þó skal söluverð eignarhlutanna umreiknað yfir í íslenskar krónur á gengi sölundags. Aftur á móti við sölu á eignarhlutum, sem félag hefur eignast eftir 1996, skal stofnverð miðað við dagsgengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við gengi sölundags. Við skattlagningu á frestuðum hluta söluhagnaðar færist fjárhæð hans til tekna, frá því ári sem hann myndaðist, óbreyttur í krónum talið. Að sama skapi færist fjárhæð rekstartaps fyrri ára óbreytt í krónum talið (*Lög um tekjuskatt*).

4.2. Ákvörðun um breyttan gjaldmiðil

Þegar stjórnendur félags ákveða að sækja um heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt er mikilvægt að þeir íhugi vel og kanni hvort slík breyting muni gagnast félaginu, en samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga eru þau félög sem kjósa að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli skuldbundin í að minnsta kosti fimm ár til að gera upp í þeim gjaldmiðli sem þau hafa fengið heimild fyrir. Því má segja að ákvörðun um að taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna í rekstri félaga sé ekki góður kostur í tilraunaskyni eða til skamms tíma heldur þurfa að liggja fyrir góðar ástæður og rök fyrir slíkri ákvörðun.

Það eru margar spurningar sem vakna hjá stjórnendum félags sem hyggst færa uppgjör félagsins úr íslenskum krónum yfir í erlendan gjaldmiðil, meðal annars hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hvernig verklag við bókhald breytist. Einnig þurfa stjórnendur að taka ákvörðun um hvaða mynt verður fyrir valinu ef óljóst er hver starfrækslugjaldmiðill félagsins er. Slíkar aðstæður geta komið upp hjá félögum sem eru með marga álíka umfangsmikla gjaldmiðla í viðskiptum sínum. Algengast er að stjórnendur félaga sækist eftir því að færa uppgjör í þeim gjaldmiðli sem félagið starfar að mestu leyti í (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Við val á nýjum uppgjörsgjaldmiðli er nauðsynlegt að horfa ekki einungis til hreyfinga á milli íslensku krónunnar og nýrrar uppgjörsmýntar heldur einnig til hreyfinga á milli nýrrar uppgjörsmýntar og annarra erlendra

gjaldmiðla þar sem þeir geta haft áhrif á rekstur félagsins (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008).

4.3. Helstu ástæður fyrir breyttum gjaldmiðli

Ein helsta ástæða þess að stjórnendur félags ákveða að sækja um heimild til þess að gera upp í erlendri mynt er ef félag er með stærstan hluta viðskipta sinna í annarri mynt en íslensku krónunni. Þeir áhrifaþættir sem hafa hvað mest áhrif á ákvörðun stjórnenda að taka upp annan uppgjörsgjaldmiðil eru ef tekjur félaga eru að mestu leyti í erlendum gjaldmiðli og ef aðföng þeirra eru einnig að meirihluta í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni. Jafnframt hefur fjármögnun félaga áhrif á ákvörðunina en mörg þessara félaga eru fjármögnuð í sama erlenda gjaldmiðli. Aftur á móti er ákveðinn hluti kostnaðar oft að öllu eða miklu leyti í íslenskum krónum líkt og laun og rekstrarkostnaður og breytist sá kostnaðarþáttur ekki þrátt fyrir breyttan uppgjörsgjaldmiðil (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Með því að færa bókhald og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli sem er ráðandi í starfsemi félagsins er hægt að draga úr sveiflum vegna gengis sem geta haft neikvæðar afleiðingar á rekstrarniðurstöðu og eigið fé félagsins (Viðskiptaráð Íslands, 2008). Aðrar ástæður þess að félög sækja um heimild til að gera upp í erlendum gjaldmiðli eru að auðvelda samanburð við erlend félög, auðvelda aðkomu erlendra fjárfesta og aðgengi að erlendu fjármagni. Auk þess auðveldar þetta erlendum félögum að eiga dótturfélög hérlendis sem og íslenskum félögum að eiga dótturfélög erlendis (Knútur Þórhallsson, 2002).

Með því að breyta um rekstrargjaldmiðil geta félög dregið úr og/eða fært til gengisáhættu í viðskiptum sínum (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Kostir þess að notast við erlendan gjaldmiðil eins og til dæmis evru eru þeir að þannig má draga úr gengisáhættu í rekstri ákveðinna félaga. Þessi rök hafa til að mynda verið notuð í Bretlandi hjá félögum sem sjá tækifæri í upptöku evrunnar þar í landi (Christie og Marshall, 2001). Dæmi um tilfærslu á gengisáhættu má sjá í töflum 1 og 2. Settar eru fram sviðsmyndir fyrir sama félagið en við mismunandi aðstæður. Í töflu 1 færir félagið bókhald og er fjármagnað í íslenskum krónum. Í töflu 2 færir félagið bókhald í evrum og er sömuleiðis fjármagnað í evrum. Í báðum tilfellum eru tekjur og aðföng félagsins í evrum en annar kostnaður í íslenskum krónum. Ef bornar eru saman þessar tvær töflur sést ákveðin tilfærsla á gengisáhættu innan félagsins, en sú tilfærsla er afmörkuð í töflunum með punktalínum. Í töflunni tákna „já“ að gengisáhætta sé til staðar á milli liða í töflunni á meðan „nei“ tákna að slík áhætta sé ekki til staðar. Með því að færa til gengisáhættu í rekstri félagsins

er mögulegt að draga úr henni. Við upptöku erlends gjaldmiðils þarf þó að horfa til þess hvort slík breyting hafi jákvæð áhrif á rekstur félagsins en forsendur fyrir slíkri breytingu geta verið ólíkar eftir starfsemi félaga og má í því samhengi nefna vægi afskrifta, fjármagnskostnaðar og aðfanga í rekstri félaga (Knútur Þórhallsson, 2002).

Tafla 1

Félag með tekjur og aðföng í evrum en annan kostnað og fjármögnun í íslenskum krónum – Uppgjörsgjaldmiðill: ISK – Er gengisáhætta til staðar?

| Uppgjörsgjaldmiðill: ISK | Tekjur (EUR) | Aðföng (EUR) | Laun og launatengd gjöld (ISK) | Rekstrarkostnaður annar en laun og launatengd gjöld (ISK) | Afskriftir (ISK) | Fjármagnskostnaður (ISK) |
|-----------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------------------------|-----------------------------------------------------------|------------------|--------------------------|
| Tekjur (EUR) | - | Nei | Já | Já | Já | Já |
| Aðföng (EUR) | | - | Já | Já | Já | Já |
| Laun og launatengd gjöld (ISK) | | | - | Nei | Nei | Nei |
| Rekstrarkostn. annar en laun og launat. gjöld (ISK) | | | | - | Nei | Nei |
| Afskriftir (ISK) | | | | | - | Nei |
| Fjármagnskostnaður (ISK) | | | | | | - |

Tafla 2

Félag með tekjur, aðföng, afskriftir og fjármögnun í evrum en annan kostnað í íslenskum krónum – Uppgjörsgjaldmiðill: EUR – Er gengisáhætta til staðar?

| Uppgjörsgjaldmiðill: EUR | Tekjur (EUR) | Aðföng (EUR) | Laun og launatengd gjöld (ISK) | Rekstrarkostnaður annar en laun og launatengd gjöld (ISK) | Afskriftir (EUR) | Fjármagnskostnaður (EUR) |
|-----------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------------------------|-----------------------------------------------------------|------------------|--------------------------|
| Tekjur (EUR) | - | Nei | Já | Já | Nei | Nei |
| Aðföng (EUR) | | - | Já | Já | Nei | Nei |
| Laun og launatengd gjöld (ISK) | | | - | Nei | Já | Já |
| Rekstrarkostn. annar en laun og launat. gjöld (ISK) | | | | - | Já | Já |
| Afskriftir (EUR) | | | | | - | Nei |
| Fjármagnskostnaður (EUR) | | | | | | - |

Hjá félögum sem verða ítrekað fyrir miklum áhrifum af breytingum í gengi gjaldmiðla í rekstri sínum, hvort heldur sem þau færa bókhald í íslenskri eða erlendri mynt, eru tvær leiðir færar til að bregðast við neikvæðum áhrifum. Annars vegar að áhættuverja reksturinn með framvirkum samningum svo sem með kaupum og sölu á gjaldmiðlum og hins vegar að taka fram í skýrslu stjórnar hver rekstrarniðurstaða hefði verið ef gengi hefði verið fast og ekki tekið breytingum. Með þessu móti geta fjárfestar og aðrir hagaðilar gert sér betur grein fyrir rekstri félagsins að frádregnum gengisáhrifum (PricewaterhouseCoopers, 2013).

4.4. Helstu breytingar á rekstri félaga við upptöku erlends gjaldmiðils

Þegar félög hafa fengið heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli þurfa þau að umreikna fjárhæðir í ársreikningi fyrra árs yfir á lokagengi þess árs, að undanskildum þeim efnahagsliðum sem þýðast yfir á sögulegu gengi (*Lög um ársreikninga*), eins og áður hefur komið fram. Þannig er öllum eignum og skuldum umbreytt í erlendan gjaldmiðil án þess þó að undirliggjandi eignir og skuldir hafi tekið breytingum. Sama á við um efnahagsliðinn eigið fé. Engin breyting verður á tegundum og fjölda liða í rekstrarreikningi félaga við það að færa reksturinn yfir í erlendan gjaldmiðil. Sama á við í liðum tengdum eignum og skuldum í efnahagsreikningi en aftur á móti bætist einn liður við undir eigið fé. Sá liður er kallaður þýðingarmunur (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Hjá félögum sem eiga dótturfélög sem færa bókhald og semja ársreikning í öðrum gjaldmiðli en móðurfélagið kemur þessi nýi liður fram undir eigið fé. Við gerð ársreiknings samstæðunnar þarf að umreikna ársreikning dótturfélags í gjaldmiðil móðurfélags en við það getur myndast gengismunur sem er þá færður á fyrrnefndan lið. Fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningi dótturfélags eru reiknaðar miðað við lokagengi en fjárhæðir tekna og gjalda miðað við dagsgengi viðeigandi færslna. Heimilt er að reikna fjárhæðir tekna og gjalda miðað við meðalgengi tímabilsins ef gengi hefur haldist nokkuð stöðugt. Allan þann gengismun sem verður til við umreikning fjárhæða eigna og skulda ásamt þeim mun sem verður við umreikning rekstrarreiknings skal jafnframt færa á fyrrnefndan lið, þýðingarmun, undir eigið fé (*Lög um ársreikninga*).

Ef stjórnendur félaga hyggjast breyta um uppgjörsgjaldmiðil þurfa þeir að gefa sér góðan tíma í ýmsa greiningarvinnu varðandi gjaldmiðilinn og ákjósanleika þess að breyta um uppgjörsgjaldmiðil. Því næst þarf að útbúa umsókn um heimild til þess að færa uppgjör í erlendri mynt fremur en íslensku krónunni sem þarf að vera vel rökstudd. Þetta ferli getur tekið nokkurn tíma og kostað vinnu starfsfólks og líkast til utanaðkomandi ráðgjafa. Í þessu ferli geta komið upp ýmis atriði sem þarf að gera greinargóð skil á og leysa en dæmi um slík atriði geta varðað umbreytingu bókhalds yfir í erlendan gjaldmiðil, skattskil og önnur atriði. Ljóst er að einhver kostnaður mun fylgja slíkum undirbúningi og síðar breytingunni (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008).

Þrátt fyrir einhverja fyrirhöfn ætti reksturinn ekki að verða flóknari með upptöku erlends gjaldmiðils, sér í lagi þegar líður á, en það fer að hluta til eftir bókhaldskerfi sem er til staðar hjá félaginu fyrir upptöku erlenda gjaldmiðilsins (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Ljóst er að bókhaldskerfið

sem félagið notast við þarf að bjóða upp á þann möguleika að vinna með erlendan gjaldmiðil en nokkur kostnaður gæti fallið til, ef félagið er ekki með slíkt bókhaldskerfi ásamt tilheyrandi vinnu og þjálfun starfsfólks (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008). Færslur í bókhaldskerfum eiga ekki að verða flóknari vegna tilkomu nýs gjaldmiðils þar sem þau bókhaldskerfi sem bjóða upp á færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli sjá sjálf um að umreikna fjárhæðir úr einum gjaldmiðli í annan. Skattskil verða þó að einhverju leyti flóknari hjá þessum félögum þar sem fjárhæðir í skattskilum eru miðaðar við íslenskar krónur. Það sem reynist starfsfólki þeirra félaga sem taka upp erlendan gjaldmiðil erfiðast að venjast er tilfinning fyrir gjaldmiðlinum og breyttur hugsunarháttur tengdur honum (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

Kostnaður við umbreytinguna getur verið mismikill eftir tilvikum og þar má, til viðbótar við tegund bókhaldskerfa, nefna umfang rekstrarins þar sem umreikna þarf allar stærðir í rekstrar- og efnahagsreikningi yfir í erlenda gjaldmiðilinn en umfang þeirrar vinnu fer til að mynda eftir fjölda liða í rekstrar- og efnahagsreikningi félaga ásamt flækjustigi þeirra. Í upphafi getur kostnaður því verið nokkur en þegar frá líður ætti kostnaðurinn að öllu jafna að vera sambærilegur við færslu bókhalds og sammings ársreiknings í íslenskum krónum. Stærð félaga ætti því ekki að hafa áhrif á hæfi þeirra til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli en kostnaður við umbreytinguna gæti þó verið hlutfallslega meiri hjá smærri félögum. Kostnaður við slíka umbreytingu ætti því, í flestum tilvikum, ekki að koma í veg fyrir að félög taki upp annan gjaldmiðil (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

4.5. Áhrif á greiðslu skatta

Sá þáttur sem getur orsakað nokkuð flækjustig í rekstri þeirra félaga sem nýta sér heimild til færslu bókhalds og sammings ársreiknings í erlendri mynt er útreikningur tekjuskatts (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Eins og áður hefur komið fram geta félög valið um tvær leiðir til útreiknings á greiðslu tekjuskatts. Annars vegar geta félög reiknað tekjuskatt eftir bókhaldi í íslenskum krónum, gefið að félög séu með tvöfalt bókhald, þ.e. að félög færi allar færslur bæði í erlenda gjaldmiðlinum sem og í íslenskum krónum. Hins vegar geta félög reiknað greiðslu tekjuskatts eftir bókhaldi í erlendri mynt en þá þurfa þau að umreikna fjárhæðir í rekstrar- og efnahagsreikningi yfir í íslenskar krónur. Fjárhæðir rekstrarreiknings eru umreiknaðar miðað við meðalgengi reikningsársins en fjárhæðir efnahagsreiknings miðað við lokagengi reikningsársins (*Lög um tekjuskatt*). Þegar

frumvarp um að leyfa færslu bókhalds og samning ársreiknings í erlendri mynt var lagt fram börðust Samtök atvinnulífsins fyrir því að félög sem nýttu sér þessa heimild þyrftu einungis að færa bókhald í erlendu myntinni og gætu greitt skatta eftir bókhaldi þeirrar myntar („Skattamál: bókhald og ársreikningar í erlendri mynt“, 2002). Í nágildandi lögum um tekjuskatt er félögum sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt heimilt að greiða skatta eftir bókhaldi í erlendri mynt.

Enginn vafi leikur á því að tekjuskattstofn félags getur verið ólíkur eftir því hvora aðferðina félagið notast við. Þannig geta tvö félög í sambærilegum rekstri, annað með bókhald í íslenskum krónum en hitt í erlendum gjaldmiðli, greitt misháan tekjuskatt þrátt fyrir svipaða rekstrarniðurstöðu fyrir skatt. Fjárhæðir til útreiknings tekjuskatts gætu þannig sveiflast í öfugu hlutfalli hjá þessum tveimur félögum eftir gengi íslensku krónunnar hverju sinni (Knútur Þórhallsson, 2002). Með því er átt við að þegar annað félagið greiðir lægri skatta greiðir hitt félagið hærri skatta og svo öfugt.

Stjórnendur þeirra félaga sem sækja um og nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli þurfa því að huga að hvor aðferðin muni koma sér betur fyrir félagið með tilliti til lágmarkunar tekjuskattsgreiðslna þar sem ákvörðunin er bundin til fimm ára. Rétt er þó að nefna að þrátt fyrir hugsanlegan hag eða óhag með tilliti til skattgreiðsla, yfir ákveðið tímabil, ætti það ekki að vera forsenda ákvörðunar um að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Rök Samtaka atvinnulífsins fyrir því að leyfa ætti greiðslur skatta út frá bókhaldi í erlendri mynt voru þau að til lengri tíma ætti skattalegt hagræði og/eða óhagræði við uppgjör í erlendri mynt að jafnast út þar sem ákvörðun um greiðslu skatta út frá íslensku eða erlendu bókhaldi væri til lengri tíma, eða að lágmarki fimm ára („Skattamál: bókhald og ársreikningar í erlendri mynt“, 2002).

Hjá þeim félögum sem eiga uppsafnað skattalegt tap, þ.e. skatteign, getur sú upphæð tekið breytingum á milli ára þar sem upphæðin er bundin í íslenskum krónum. Þannig getur skatteign hækkað eða lækkað á milli ára einungis vegna gengisbreytinga milli uppgjörsgjaldmiðils og íslensku krónunnar. Í lok hvers reikningsárs er skatteign reiknuð úr íslenskum krónum yfir í uppgjörsgjaldmiðilinn en við þann umreikning getur orðið til gengismunur sem er færður í gegnum tekjuskatt í rekstri. Þessi gengismunur getur því leitt til þess að virkur tekjuskattur verður hærri eða lægri en hann væri ella (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

Mörg félög starfa að einhverju leyti í fleiri en einum gjaldmiðli en aðföng geta til að mynda verið í erlendum gjaldmiðli þrátt fyrir að tekjur séu í íslenskum krónum. Þessi félög geta einnig verið með hluta fjármögnunar í erlendum gjaldmiðli ásamt því að vera með eignir og skuldir að öllu leyti eða hluta til í erlendum gjaldmiðli. Þetta geta verið félög sem færa bókhald og semja ársreikning annað hvort í íslenskum krónum eða í erlendri mynt. Hjá þeim félögum sem færa til að mynda bókhald í erlendum gjaldmiðli en eru með skuldir að hluta til eða öllu leyti í íslenskum krónum myndast gengistap eða -hagnaður í lok rekstrarárs þegar upphæð skuldar er umreiknuð yfir í erlenda uppgjörsgjaldmiðilinn (PricewaterhouseCoopers, 2016). Þrátt fyrir að upphæð skuldar standi í stað getur munur á gengi milli uppgjörsgjaldmiðils og íslensku krónunnar orsakað fyrrnefnt gengistap eða -hagnað. Að sama skapi getur myndast gengistap eða -hagnaður við umreikning eigna, sem færðar eru á gangvirði, í lok reikningsárs. Samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 skal draga gengistap frá gengishagnaði ársins en mismuninn á þessum tveimur liðum skal tekjufæra á þremur árum. Þessi atriði sem hér hafa verið nefnd varðandi gengistap eða -hagnað eiga við öll félög þ.e. bæði þau sem færa bókhald í íslenskum krónum og þau sem færa bókhald í erlendum gjaldmiðli.

4.6. Áhrif tímasetningar á breytingu á uppgjörsgjaldmiðli

Þegar félag kannar hvort upptaka erlends gjaldmiðils, við færslu bókhalds og samnings ársreiknings, er ákjósanlegur kostur miðað við rekstur og samsetningu félagsins ætti helsti hvatinn að vera rekstrarlegs eðlis en ekki sá að nýta sér efnahagsleg skilyrði svo sem gengi íslensku krónunnar. Þrátt fyrir það eru félög meðvituð um tímasetningu þegar þau hyggjast breyta uppgjöri sínu þar sem tímasetning hefur alltaf einhver áhrif á ákvörðunina. Óalgengt er þó að félög ákveði eða fresti upptöku erlends gjaldmiðils einungis vegna tímabundinna aðstæðna sem myndast í ytra umhverfi s.s. gengi gjaldmiðla (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

Tímasetning við upptöku erlends gjaldmiðils hjá félögum getur haft áhrif á efnahagsreikning og rekstur þeirra til að mynda við umreikning eigna og skulda úr íslenskum krónum yfir í erlendan gjaldmiðil. Í einstaka tilvikum getur tímasetning haft úrslitaáhrif á ákvörðun félaga að breyta um gjaldmiðil í bókhaldi sínu og ársreikning. Sem dæmi má nefna lög sem samþykkt voru á Alþingi 18. desember 2008. Með þessum lögum var félögum gert kleift að sækja um heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli afturvirkrt og þannig var ársreikningaskrá heimilað að samþykkja afturvirkrt slíkar umsóknir félaga fyrir


reikningsárið 2008 en jafnframt var umsóknarfrestur fyrir reikningsárið 2009 framlengdur (Baldur Guðlaugsson, 2009).

Ástæða þessarar tímabundnu lagasetningar var óvenjulegt efnahagsástand á Íslandi á þessum tíma þar sem gengi íslensku krónunnar féll mikið í samanburði við aðra gjaldmiðla og það með slæmum efnahagslegum afleiðingum. Þrátt fyrir umrædda lagabreytingu voru skilyrði óbreytt hjá þeim félögum sem sóttust eftir því að breyta uppgjörsgjaldmiðli sínum og þannig var ekki öllum félögum gert kleift að breyta uppgjörsgjaldmiðli sínum afturvirkir heldur einungis þeim félögum sem voru með erlendan starfrækslugjaldmiðil. Þessi lagabreyting var gerð í þeirri trú að hún myndi stuðla að réttari mynd af raunverulegri stöðu félaganna. Í janúar 2009 höfðu alls 39 félög nýtt sér þessa tímabundnu heimild til að færa bókhald og semja ársreikning afturvirkir í erlendum gjaldmiðli fyrir árið 2008. Meginþorri þeirra félaga sem sóttu um þessa tímabundnu heimild sóttu um að notast við evru sem uppgjörsgjaldmiðil (Baldur Guðlaugsson, 2009).

Á árunum fyrir fjármálahrunið 2008 var aðgangur að erlendu fjármagni nánast óhindraður á Íslandi en þessi lán voru á hagstæðum kjörum og voru meðal annars veitt íslenskum félögum. Árið 2008 féll gengi íslensku krónunnar mikið sem olli gríðarlegri hækkun lánanna í íslenskum krónum talið (Þingskjal 975, 2014-2015). Sum þeirra félaga sem tóku erlend lán störfuðu að engu öðru leyti í erlendri mynt og notfærðu sér því einungis hagkvæmni þessara lána. Önnur félög sem tóku þessi lán störfuðu að einhverju leyti í erlendum gjaldmiðlum.

Hér er tekið dæmi um félag með stöðugar eignir upp á 1.000 milljónir íslenskra króna árið 2008 sem er fjármagnað í evrum í ársbyrjun 2008 fyrir tæpar 800 milljónir íslenskra króna (Sjá mynd 1). Eigið fé þess félags er því rúmar 200 milljónir í ársbyrjun 2008. Í ársbyrjun 2008 er verð hvernar evru tæpar 95 íslenskar krónur. Um mitt ár 2008 er krónan búin að veikjast mikið og verð hvernar evru komið í um 124 krónur (Seðlabanki Íslands, e.d.). Eins og mynd 1 sýnir hefur allt eigið fé þessa félags gufað upp á um hálfu ári og þegar líður á síðari helming ársins er eigið fé þess orðið neikvætt. Hjá þeim félögum sem starfa að öðru leyti í evrum, og uppfylla skilyrði um færslu bókhalds og samning ársreiknings í evrum, hefði staða þeirra getað verið öðruvísi í árslok 2008 ef þau hefðu fært bókhald og samið ársreikning í evrum. Með lagasetningunni var þessum félögum gert kleift að færa bókhald sitt afturvirkir í erlendum gjaldmiðli til þess að gefa betri mynd af rekstrinum. Í fyrrnefndu dæmi hefði verið hægt, með afturvirkri lagaheimild, að koma í veg fyrir neikvætt eigin fé félagsins í árslok 2008 þar sem eignir og skuldir félagsins hefðu verið bókfærðar í evrum í ársbyrjun. Í því tilfelli hefði engin breyting orðið á eigin fé félagsins þrátt fyrir fall íslensku krónunnar. Í einhverjum tilfellum gátu félög sem notfærðu sér

Þessa afturvirkur heimild jafnvel breytt tapi rekstrarársins 2008 í hagnað (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008).



Mynd 1. Áhrif breytts gengis íslensku krónunnar á eiginfjárlutfall félags

4.7. Aukið aðgengi að erlendu fjármagni

Í frumvarpi um breytingar á lögum um ársreikninga og bókhald sem lagt var fyrir, eftir að sérstakri nefnd var falið að endurskoða þau lög árið 2000, voru sett fram rök til stuðnings frumvarpinu. Þar var meðal annars fjallað um að fjárhagslegur samanburður íslenskra félaga við erlend félög yrði einfaldari ef íslensk félög fengju tækifæri til þess að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Auk þess að auðvelda samanburð myndi lagabreytingin auka aðgengi og skilning erlendra fjárfesta að upplýsingum um íslensk félög (Þingskjal 468, 2001-2002). Mikill kostur er fólgin í því fyrir erlenda fjárfesta að geta lesið ársreikninga íslenskra félaga á alþjóðlegu máli og mynt sem þeir skilja vel. Erlendir fjárfestar skilja til að mynda yfirleitt betur hegðun stærri gjaldmiðla svo sem bandaríkjadals og evru fremur en íslensku krónunnar. Með því að breyta uppgjörsgjaldmiðli í alþjóðlega mynt ætti öll áætlanagerð hjá erlendum fjárfestum að verða auðveldari. Með skýrari og auðskiljanlegri upplýsingum er líklegra að erlendir fjárfestar sækji í fjárfestingar á Íslandi hvort heldur sem er í formi hlutafjár eða lánveitinga (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

Eins og áður hefur verið komið inn á skiptir miklu máli að félög færi bókhald og semji ársreikning í þeim gjaldmiðli sem gefur hvað besta mynd af rekstri þeirra. Til að mynda hjá félögum sem í árslok 2008 lentu skyndilega í þeirri stöðu að eigið fé þeirra varð neikvætt þrátt fyrir óbreyttan rekstur. Ljóst er að láns hæfi þeirra félaga hefur verið orðið slæmt en hugsanlegt er að þau félög sem nýttu sér heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli afturvirkir og endurheimtu þannig eigið fé sitt hafi með því móti aukið láns hæfismat sitt (Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson, 2008). Áhrif þess að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli hefur þó ekki bein áhrif á láns hæfismat félaga ef farið er eftir láns hæfismati Creditinfo („Láns hæfismat“, e.d.). Með því að gera félögum kleift að sækja sér fjármagn erlendis frá, sem oft er á hagstæðari kjörum en hérlendis, eykst samkeppnishæfni þeirra félaga bæði á alþjóðavettvangi og á Íslandi. Með slíkri kostnaðarlækkun geta félög hugsanlega boðið viðskiptavinum sínum samkeppnishæfari verð og bætt þannig stöðu sína á samkeppnismarkaði (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017).

4.8. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Markmið alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) er að auka gegnsæi og gæði fjárhagsupplýsinga auk þess að auðvelda alþjóðlegan samanburð á milli félaga bæði fyrir fjárfesta og aðra aðila á markaði. Með samræmdum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eykst traust og trúverðugleiki upplýsinga á markaðnum þar sem upplýsingagjöf er samræmd á milli félaga og landa. Með notkun samræmdra staðla verður tungumál reikningsskila það sama á heimsvísu („IFRS Foundation and IASB“, e.d.). Félögum, sem hafa skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði, ber skylda til að fara eftir IFRS við gerð ársreiknings og/eða samstæðureiknings hér á landi (*Lög um ársreikninga*). Vátryggingafélögum ber einnig að fara eftir IFRS stöðlunum (*Lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010*). Eftirlit með reikningsskilum þessara félaga hefur ársreikningaskrá og skal ársreikningi skilað eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs viðkomandi félags („Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“, e.d.). Til viðbótar við þau félög sem skylt er að notast við IFRS staðla er þeim félögum sem sækjast eftir notkun staðlanna það heimilt. Kjósi félög að gera svo er ákvörðunin bundin í að lágmarki fimm ár. Einhverjum félögum sem ber ekki skylda til að notast við IFRS staðlana hafa séð hag sinn í innleiðingu þeirra þar sem kostir þess að notast við alþjóðlegu reikningsskilastöðlana eru margvíslegir, sér í lagi fyrir félög sem starfa á alþjóðlegum vettvangi. Samanburður við önnur félög verður þannig auðveldari og aðgangur að erlendu fjármagni getur auk þess aukist til muna

þar sem skilningur erlendra fjárfesta og lánastofnana er meiri á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum fremur en íslenskum lögum og reglum (Þorsteinn Pétur Guðjónsson, 2014).

Samkvæmt IFRS hafa þau félög sem stöðlunum fylgja ekki frjálst val um starfrækslugjaldmiðil heldur ræðst hann af þeirri mynt er meginhluti gjalda og tekna fer fram í. Ef fleiri en ein mynt kemur til greina sem starfrækslugjaldmiðill er það á ábyrgð viðkomandi félags að ákveða hvaða mynt gefur besta mynd af starfsemi félagsins. Þeim félögum sem starfa eftir IFRS stöðlunum er heimilt að birta ársreikninga í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli en þá er það kallað framsetningargjaldmiðill ársreiknings. Bókhald félagsins er þó enn fært í starfrækslugjaldmiðli þess en ársreikningur er þá umreiknaður yfir í framsetningargjaldmiðil (Fjármálaeftirlitið, 2007).

Áhrif breytinga á gengi gjaldmiðla í rekstri félaga kemur skýrt fram í stöðlunum. Til að mynda getur mismunur myndast á gengi við upphaflega skráningu á liðum í erlendum gjaldmiðli og uppfærða skráningu við lok reikningsárs. Með erlendum gjaldmiðli er átt við aðra gjaldmiðla en starfrækslugjaldmiðil félagsins. Í lok reikningsárs skal umreikna alla peningalega liði á gengi í árslok. Efnislegir liðir sem metnir eru á kostnaðarverði eru ekki uppfærðir á gengi ársloka og þeir liðir sem metnir eru á gangvirði eru skráðir á gengi þess dags sem þeir voru metnir. Mismunur sem getur myndast við uppfærslu peningaliða miðað við gengisbreytingar er færður í gegnum rekstrarreikning að undanskildum hreinum fjárfestingum í erlendri starfsemi en þær breytingar eru færðar á liðinn þýðingarmunur eins og áður hefur komið fram (International Financial Reporting Standards [IFRS], 2017a). Samkvæmt IFRS eru gerðar kröfur um að í skýringum komi fram hvers kyns áhættu félög standa frammi fyrir. Þar skulu koma fram flokkar áhættu og hvernig félög verja sig gegn viðkomandi áhættu. Dæmi um flokk áhættu er gjaldmiðlaáhætta en samkvæmt stöðlunum eiga félög sem eru berskjölduð fyrir breytingum á öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli sínum að setja fram næmnigreiningu á áhættu sem fylgir sveiflum á gengi erlenda gjaldmiðilsins (IFRS, 2017c). Áhrif alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á uppgjör íslenskra félaga geta því verið nokkur en ljóst er að notkun staðlanna ásamt því að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli gerir íslenskum félögum kleift að starfa á alþjóðlegum vettvangi með betra móti en ella.

5. Rannsókn

Rannsókn þessi var gerð í þeim tilgangi að varpa ljósi á ástæður þess að stjórnendur íslenskra félaga ákveða að sækja um heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli í stað íslensku krónunnar. Því til viðbótar snýst rannsóknin um að kanna í hvernig rekstri þessi félög eru, hvort þau séu stór eða smá og hvort færsla bókhalds og samningur ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skili fyrirtækjunum betri rekstrarniðurstöðu en ella. Rannsóknin er með tvennu móti, annars vegar meginleg og hins vegar eigindleg. Í meginlegu rannsókninni voru gögn og ársreikningar félaga sem hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt greind. Tilgangur þess er að taka saman fjölda þessara félaga, hver þeirra nýta sér fengna heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðli, hvort félögin tilheyri ákveðnum atvinnugreinum, hvort rekstur þeirra gangi almennt betur en hjá öðrum félögum, hver stærð þessara félaga er, hvert rekstrarform þeirra er ásamt fleiru. Í meginlegu hluta rannsóknarinnar voru tekin viðtöl við forsvarsmenn fjögurra félaga sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Tilgangur þess var að kanna hvernig tekjur, gjöld og fjármögnun skiptist á milli gjaldmiðla hjá þessum félögum, í hvaða gjaldmiðli færsla bókhalds og samningur ársreiknings er hjá þeim, hverjar eru ástæður þess að félögin breyttu uppgjörsmýnt sinni, hvaða breytingar urðu á rekstri félaganna við breyttan gjaldmiðil, hvort breyttur gjaldmiðill hafi áhrif á greiðslur skatta félaganna og fleira.

5.1. Aðferð

5.1.1. Þátttakendur

Í meginlegu hluta rannsóknarinnar voru fengin gögn frá ársreikningaskrá um öll félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Þýði rannsóknarinnar er öll þau félög en þau eru alls 236. Rýnt var í gögn allra þessara félaga svo ekki þurfti að notast við úrtak í þessum hluta rannsóknarinnar. Í eigindlega hluta rannsóknarinnar voru tekin viðtöl við talsmenn fjögurra af þessum félögum. Þessi félög voru valin úr lista yfir félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt, sem fenginn var frá ársreikningaskrá. Gætt var að því að velja félög í mismunandi rekstri sem og gjaldmiðli. Rætt var við fjármálastjóra og yfirmann reikningshalds hjá félagi í atvinnuveginum Framleiðsla en hér eftir verður það nefnt félag A. Auk þess var rætt við fjármálastjóra og yfirmann reikningshalds hjá félagi í atvinnuveginum Rafmagns-, gas- og hitaveitur en hér eftir verður það nefnt félag B. Því til viðbótar var rætt við framkvæmdastjóra

og yfirmann reikningshalds hjá öðru félagi í atvinnuveginum Rafmagns-, gas- og hitaveitur en hér eftir verður það nefnt félag C. Að lokum var rætt við fjármálastjóra félags í atvinnuveginum Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta en hér eftir verður það nefnt félag D.

5.1.2. Mælitæki

Í megindega þætti rannsóknarinnar voru gögnin, sem aflað var, unnin í tölfræðiforritinu Excel. Spurningar voru útbúnar í eigindlega þætti rannsóknarinnar til þess að byggja viðtölin á. Þessar spurningar voru sendar á forsvarsmenn félaganna í tölvupósti, nokkrum dögum fyrir viðtölin. Þetta var gert til þess að þeir gætu undirbúið sig og fengið betri hugmynd um tilgang og innihald viðtalanna. Þessar spurningar voru þó ekki tæmandi en voru til þess fallnar að móta viðtölin. Í upphafi viðtala voru forsvarsmenn félaganna spurðir um starfrækslugjaldmiðil félagsins og starfsemi þess. Því næst var spurt um dreifingu tekna, fjármögnunar, launa og annarra gjalda félagsins á milli gjaldmiðla. Þá var spurt um hvaða gjaldmiðil félagið færði bókhald í og setti fram ársreikning. Í framhaldi var spurt um ástæður þess að stjórnendur ákváðu að breyta um gjaldmiðil í rekstri félagsins, hvaða breytingar þurfti að gera hjá félaginu og hverjar helstu áskoranir voru í ferlinu. Jafnframt var spurt um kosti og galla þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Ennfremur var spurt um áhrif breytinganna á efnahag, rekstur og stöðugleika félagsins. Í lokin var spurt um flækjustig við breytingu uppgjörsgjaldmiðils á bókhald og útreikning greiðslu skatta ásamt áhrifum á samkeppnis- og lánshæfni félagsins.

5.1.3. Framkvæmd

Byrjað var á því að hafa samband við ársreikningaskrá símleiðis til að kanna hvort rannsakendur gætu fengið upplýsingar um hvaða félög hefðu heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt. Þær upplýsingar voru veittar og í framhaldi voru rannsakendur í tölvupóstsamskiptum við Ólaf Magna Sverrisson hjá ársreikningaskrá um áframhaldandi gagnaöflun. Því næst voru spurningar útbúnar fyrir viðtöl sem rannsakendur hugðust taka í eigindlega þætti rannsóknarinnar. Eftir að spurningarnar höfðu verið útbúnar var haft samband við fjögur félög sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt og viðtalstímar ákveðnir. Þá voru spurningarnar sendar á forsvarsmenn viðkomandi félaga til þess að viðmælendur gætu undirbúið svör sín. Í upphafi viðtala voru viðmælendur spurðir um meðferð upplýsinga en allir viðmælendur kusu að við birtingu upplýsinga úr viðtölum yrði ekki ljóst um hvaða félag væri að ræða. Einnig var beðið um leyfi fyrir því að hljóðrita viðtölin til

að auðvelda úrvinnslu þeirra, með því skilyrði að hljóðupptökunum yrði eytt eftir notkun þeirra. Öll félögin samþykktu hljóðritun viðtalsins. Í því skyni að uppfylla kröfur viðmælenda varðandi birtingu upplýsinga eru atvinnuvegir félaganna einungis tilgreindir í rannsókninni án þess að tilgreina atvinnugreinar félaganna. Samhliða viðtölunum fjórum var tekið viðtal við sérfræðing, Jón Arnar Óskarsson hjá KPMG, á sviði endurskoðunar félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli.

Leyfi var fengið til þess að rýna í ársreikninga allra þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, í húsnæði ársreikningaskrár. Þar voru alls 236 ársreikningar skoðaðir, greindir og gögn dregin úr þeim. Jafnframt var haft samband við Leif Grétarsson, viðskiptastjóra hjá Creditinfo, en fyrirtækið heldur utan um og greinir alla ársreikninga á Íslandi. Leifur aðstoðaði við frekari upplýsingaöflun og miðlaði gögnum sem nýttust við rannsóknina.

5.1.4. Úrvinnsla

Þegar öllum tölfræðilegum gögnum hafði verið safnað saman voru þau flutt yfir í tölfræðiforritið Excel þar sem þau voru hreinsuð og flokkuð til að auðvelda úrvinnslu þeirra. Úr gögnunum voru reiknaðar allar helstu niðurstöður meginlegu rannsóknarinnar og þær settar fram með viðeigandi hætti. Útbúnar voru töflur, skífurit, línurit og súlurit til þess að setja niðurstöður fram með myndrænum hætti. Þegar viðtölum í eigindlega þætti rannsóknarinnar var lokið var hafist handa við að hlusta á viðtölin og rita upplýsingar sem þar komu fram til að auðvelda vinnslu þeirra við gerð rannsóknarinnar.


6. Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar eru unnar út frá tölfræðilegum gögnum sem fengin voru úr ársreikningum félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Auk þess endurspeglar niðurstöðurnar svör þátttakenda úr viðtölum.

6.1. Skipting félaga eftir gjaldmiðlum

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá ársreikningaskrá er fjöldi þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt 236 í mars 2017. Af þessum félögum eru um það bil 90% sem notfæra sér fengna heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Langstærstur hluti þessara félaga eða yfir 90% hafa

heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í annað hvort evrum eða bandaríkjadöllum og eru þeir gjaldmiðlar því ríkjandi hjá þessum félögum. Sá gjaldmiðill sem flest þessara félaga hafa heimild til að nota í rekstri sínum við færslu bókhalds og samning ársreiknings er evra. Ítarlegri skiptingu á þeim gjaldmiðlum sem félög hafa heimild til að nota má sjá á mynd 2.




Mynd 2. Fjöldi félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings skipt eftir gjaldmiðlum

6.2. Skipting félaga eftir atvinnuvegum

Með því að skipta félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli niður eftir atvinnuvegum, samkvæmt íslenskri atvinnugreinaflokkun sem Hagstofa Íslands gefur út (Hagstofa Íslands, 2009), sést að algengara er hjá ákveðnum atvinnuvegum að félög sækist eftir slíkri heimild. Við atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands er notast við staðal sem heitir ÍSAT2008. Atvinnuvegir er víðari skilgreining en atvinnugreinar en hverjum atvinnuvegi tilheyra nokkrar atvinnugreinar (Hagstofa Íslands, 2009). Á mynd 3 gefur að líta hlutfall þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, skipt niður eftir atvinnuvegum. Á myndinni eru undanskildir þeir atvinnuvegir sem innihalda engin félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli en það eru í flestum tilvikum atvinnuvegir sem tilheyra hinu opinbera. Þessar atvinnuvegir eru: Opinber stjórnsýsla, Varnarmál, Almannatryggingar, Fræðslustarfsemi, Heilbrigðis- og félagsþjónusta, Félagasamtök og önnur

þjónustustarfsemi, Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt og önnur óþekkt starfsemi. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands eru 71.374 félög skráð á Íslandi en af þeim eru 43.037 félög sem falla undir atvinnuvegi sem sýndir eru á mynd 3 en 28.337 félög sem falla undir atvinnuvegi sem ekki eru sýndir á fyrrnefndri mynd (Hagstofa Íslands, 2016a).




Mynd 3. Hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt skipt eftir atvinnuvegum

Af atvinnuvegunum sem sýndir eru á mynd 3 innihalda þrír innan við 150 félög hver. Þessir atvinnuvegir eru Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu, Rafmagns-, gas- og hitaveitur ásamt Vatnsveitu, fráveitu, meðhöndlun úrgangs og afmengun. Aðrir atvinnuvegir innihalda fleiri félög eða frá 1.167 til 6.438 félög. Atvinnuvegurinn Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu hefur langstærst hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt en tæp 7% félaga innan þess atvinnuvegar hafa slíka heimild. Þessi atvinnuvegur er jafnframt sá minnsti, en aðeins 59 félög flokkast undir hann. Af þessum 59 félögum hafa fjögur heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Sá atvinnuvegur sem hefur næst stærsta hlutfall félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt er Fjármála- og váttryggingastarfsemi en honum tilheyra 3.869 félög og af þeim hafa 89 félög slíka heimild. Hlutfall þeirra sem hafa fyrrnefnda heimild í Fjármála- og váttryggingastarfsemi er því rúm 2%.

6.3.Skipting félaga eftir atvinnugreinum

Með því að skipta félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli ítarlegar niður, eða eftir atvinnugreinum, samkvæmt fyrrnefndri íslenski atvinnugreinaflokkun, fást skýrari niðurstöður um hvaða atvinnugreinar innihalda hlutfallslega flest félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðum. Á mynd 4 eru sýndir þeir flokkar atvinnugreina sem innihalda að lágmarki 5% félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Eins og raun bar vitni þegar félögum var skipt með grófari hætti, eftir atvinnuvegum, er fjöldi félaga innan hvers atvinnuvegar mjög breytilegur en þannig er því einnig háttáð þegar félög eru flokkuð eftir atvinnugreinum. Á mynd 4 er því ekki tekið tillit til stærðar atvinnugreina, ekki frekar en á mynd 3 þar sem ekki var tekið tillit til stærðar atvinnuvega. Niðurstöðurnar ættu þó að gefa greinargóða mynd af hlutfalli þeirra félaga sem færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt eftir atvinnuvegum og atvinnugreinum.

Á mynd 4 sést að stærsta hlutfallið er í atvinnugreininni Álframleiðsla, eða rúm 70%. Ef horft er til þeirra atvinnugreina sem hafa um og yfir 30% félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt sést að þessar atvinnugreinar samanstanda nánast eingöngu af þáttum tengdu flugi, framleiðslu áls og námi og vinnslu hráefna úr jörðu. Gera má því ráð fyrir að þessar atvinnugreinar séu að miklu leyti háðar alþjóðlegum viðskiptum og útflutningi. Þegar litið er á allar atvinnugreinar á mynd 4 í heild sinni sést að félög sem stunda framleiðslu, inn- og/eða útflutning vara, fólks og þjónustu eru í miklum meirihluta atvinnugreina sem hafa yfir 5% hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Á myndinni sést jafnframt að ólíkt er milli atvinnugreina hver skipting gjaldmiðla er hjá félögum við færslu bókhalds og samning ársreiknings. Í sumum atvinnugreinum, til að mynda Álframleiðslu, eru öll þau félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt að notast við bandaríkjadal á meðan til að mynda í atvinnugreininni Starfsemi höfuðstöðva notast um helmingur félaganna við evru en hinn helmingurinn við bandaríkjadal.




Mynd 4. Hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt skipt eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir einungis atvinnugreinar með 5% eða herra hlutfall

6.4. Skipting félaga eftir stærð

Öll þau félög sem viðtöl voru tekin við flokkast sem stór félög samkvæmt skilgreiningu Creditinfo en stór félög eru skilgreind með eignir upp á 1.000 milljónir íslenskra króna eða meira. Meðalstór félög eru skilgreind með eignir á milli 200-1.000 milljónir en lítil félög með eignir minni en 200 milljónir (Leifur Grétarsson, Viðskiptastjóri hjá Creditinfo, munnleg heimild, 7. apríl 2017). Stærð félaga ætti ekki að hafa úrslitaáhrif á þá ákvörðun hvort félag sækist eftir því að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli en kostnaður við umbreytinguna getur þó verið hlutfallslega meiri hjá smærri félögum (Jón Arnar Óskarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, munnleg heimild, viðtal, 23. mars 2017). Þegar félögum

sem nýta sér fengna heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt er skipt niður eftir stærð, samkvæmt fyrrnefndri skilgreiningu, eins og mynd 5 sýnir kemur í ljós að félög í öllum stærðum hafa slíka heimild. Langflest félög eða 61% eru flokkuð sem stór félög, 14% sem meðalstór félög og 25% sem lítil félög. Þessar niðurstöður benda til þess að félög í öllum stærðum geti fært bókhald og samið ársreikning í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni en stór félög eru þó í miklum meirihluta þessara félaga.



Mynd 5. Hlutfall félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli eftir stærð

6.5. Skipting félaga eftir tímasetningu stofnunar

Félög A, B, C og D voru stofnuð fyrir árið 2002 þegar íslensk lög sem heimila færslu bókhalds og samning ársreiknings í erlendri mynt höfðu ekki verið lögð fram og þar af leiðandi ekki verið samþykkt. Þessi félög gátu því ekki sótt um að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli allt fram til ársins 2002 þegar sú heimild var veitt (Þingskjal 468, 2001-2002). Félag A fékk heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt árið 2008, félag B árið 2015, félag C árið 2002 og félag D árið 2013. Í töflu 3 má sjá að af þeim 236 félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt voru 69 félög stofnuð fyrir lagabreytinguna árið 2002 sem heimilaði félögum að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt. Af alls 167 félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt hafa 65 þeirra haft slíka heimild allt frá stofnun.

Tafla 3

Félög flokkuð eftir stofnun þeirra og tímasetningu fengnar heimildar til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt

| Heimild fengin | Félög stofnuð | | Samtals |
|----------------------|---------------------|---------------------|---------|
| | Fyrir lagabreytingu | Eftir lagabreytingu | |
| Við stofnun félags | 0 | 65 | 65 |
| Eftir stofnun félags | 69 | 102 | 171 |
| Samtals | 69 | 167 | 236 |

6.6. Helstu ástæður fyrir breyttum gjaldmiðli

Ein helsta ástæða þess að stjórnendur félaganna, sem viðtöl voru tekin við, ákváðu að breyta um gjaldmiðil í rekstri sínum, það er að breyta færslu bókhalds og samningi ársreiknings úr íslenskum krónum yfir í erlendan gjaldmiðil var sú að starfsemi þessara félaga var þess eðlis að langstærstur hluti af viðskiptum þeirra áttu sér stað í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónum. Forsvarsmenn félags A nefndu að með því að færa bókhald og semja ársreikning í evrum fremur en íslenskum krónum gæti félagið dregið allverulega úr áhættu tengdri gjaldmiðlum þar sem sala félagsins á sér litla sem enga tengingu við íslensku krónuna. Bæði eru tekjur félagsins nánast eingöngu í erlendum gjaldmiðlum en auk þess eru skuldir félagsins, ásamt stórum hluta kostnaðar, einnig í erlendum gjaldmiðlum. Ástæða þess að evran varð fyrir valinu er sú að þegar ákvörðunin var tekin um breytingu á uppgjörsgjaldmiðli var hún stærsta myntin í rekstrinum. Bandaríkjadalurinn var einnig áhrifamikill og vægi hans hefur aukist síðan ákvörðunin var tekin. Þrátt fyrir að vægi bandaríkjadals hafi aukist hefur það eitt að færa reksturinn yfir í stóran alþjóðlegan gjaldmiðil, eins og evruna, skapað aukinn stöðugleika hjá félaginu. Stöðugra gengi hefur verið á milli evru og bandaríkjadals á síðastliðnum árum heldur en á milli íslensku krónunnar og þessara tveggja gjaldmiðla. Á mynd 6 sést hvernig gengi hefur sveiflast, á milli íslensku krónunnar og evru, á milli íslensku krónunnar og bandaríkjadals og á milli bandaríkjadals og evru, á tímabilinu frá janúar 2002 til janúar 2017. Að meðaltali hefur gengi milli íslensku krónunnar og evru verið um 126 krónur íslenskar fyrir hverja evru með staðalfrávik upp á tæplega 36 krónur. Staðalfráviknið er því um 29% af meðalgenginu. Að meðaltali hefur gengi milli íslensku krónunnar og bandaríkjadals verið um 100 krónur íslenskar fyrir hvern bandaríkjadal með staðalfrávik upp á tæplega 26 krónur. Staðalfráviknið er því um

26% af meðalgenginu. Á sama tíma hefur meðalgengi milli bandaríkjadals og evru verið um 0,8 bandaríkjadalur fyrir hverja evru með staðalfrávik upp á 0,1 bandaríkjadal. Staðalfrávikðið er því um 13% af meðalgenginu. Af þessu leiðir að sveiflur milli stóru gjaldmiðlanna tveggja, bandaríkjadals og evru, eru minni en á milli íslensku krónunnar og evru og á milli íslensku krónunnar og bandaríkjadals eins og forsvarsmenn félags A bentu á. Þannig ættu sveiflur í uppgjöri félagsins að vera minni, þrátt fyrir að hluti kostnaðar og tekna sé í bandaríkjadöllum, við það eitt að færa bókhald og semja ársreikning í evrum fremur en íslenskum krónum.



Mynd 6. Breyting á gengi milli gjaldmiðla 2002-2017 (Seðlabanki Íslands, e.d.; OFX, e.d.)

Forsvarsmenn félags D nefndu að með því að breyta rekstrargjaldmiðli félagsins yfir í evru hafi félagið náð að draga úr gengisáhættu í veigameiri liðum rekstursins. Á sama tíma hafi þó myndast gengisáhætta í öðrum og smærri liðum þar sem engin slík áhætta var til staðar fyrir breytingarnar. Til að mynda var engin gengisáhætta til staðar á milli launakostnaðar og afskrifta félagsins þegar félagið færði bókhald í íslenskum krónum. Eftir breytinguna hafi hins vegar myndast gengisáhætta þar á milli. Á sama tíma hafi gengisáhætta á milli annarra liða svo sem milli tekna og afskrifta horfið. Í þessu tilviki er því um að ræða færslu á gengisáhættu í rekstri félags. Að mati stjórnenda var þessi færsla til góðs, þ.e. sú gengisáhætta sem hægt var að eyða með þeirri ákvörðun að færa bókhald og semja ársreikning í evrum var meiri en sú gengisáhætta sem skapaðist á milli annarra smærri liða rekstursins við breytingarnar. Þessu ber saman við það sem áður hefur komið fram um færslu á gengisáhættu, þ.e. að félög geti dregið úr eða fært

til gengisáhættu í viðskiptum sínum með því að færa bókhald og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli sem vegur mest í viðskiptum þeirra.

Forsvarsmaður félags C nefndi til viðbótar við rekstrarleg sjónarmið þess að breyta færslu bókhalds og samningi ársreiknings yfir í erlendan gjaldmiðil, svo sem vegna minni gengisáhrifa og aukins stöðugleika, að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hafi sett þeim ákveðnar skorður. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er félögum skylt að færa bókhald og semja ársreikning í viðkomandi starfrækslugjaldmiðli (IFRS, 2017a). Ástæða þess að félagið hafi ráðist í breytingarnar á sínum tíma hafi því bæði ráðist af efnahagslegum þáttum sem og skyldum þess að uppfylla skilyrði alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem félagið fylgir.

Heilt yfir voru ástæður þess, í grófum dráttum, að félögin fjögur sóttust eftir að fá að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli nokkuð svipaðar, þ.e. að draga úr neikvæðum gengisáhrifum og ná þannig meiri stöðugleika í rekstri. Í þessu samhengi nefndi viðmælandi félags B að áður en félagið byrjaði að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli voru stjórnendur þess gjarnan tilneyddir til þess að taka ákvarðanir í rekstri félagsins að mestu leyti út frá sveiflum í gengi íslensku krónunnar. Með því að breyta um rekstrargjaldmiðil hafi stjórnendur því getað varið meiri tíma í ákvarðanatöku tengdri rekstrarlegum forsendum félagsins í stað þess að byggja ákvarðanatöku að miklu leyti á sveiflum í gengi íslensku krónunnar.

6.7.Skipting tekna og útgjalda eftir gjaldmiðlum

6.7.1. Tekjur

Hjá félögum A, B, C og D er meirihluti tekna í erlendum gjaldmiðlum en félög A og D færa bókhald og semja ársreikning í evrum á meðan félög B og C færa bókhald og semja ársreikning í bandaríkjadöllum. Félag A er með 40% tekna í evrum, 30% í bandaríkjadöllum og 30% í öðrum gjaldmiðlum. Félag D er með stærstan hluta tekna í evrum en hlutfall bandaríkjadals er þó að aukast. Félög B og C sem færa bókhald í bandaríkjadöllum eru með um og yfir 70% tekna í bandaríkjadöllum en hin 30% að mestu leyti í íslenskum krónum. Þessar niðurstöður sýna glögggt hve stórt hlutfall tekna þessara fjögurra félaga er í öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni en hjá þeim öllum er það hlutfall að minnsta kosti 70%. Í rannsókninni voru einnig skoðaðir ársreikningar allra þeirra félaga, sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli fyrir rekstrarárið 2015, þar sem fá félög voru búin að skila inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2016. Í flestum tilvikum var ekki sett fram skipting tekna hjá

Þessum félögum eftir gjaldmiðlum og er því ekki hægt segja til um hlutfall tekna í erlendri mynt af heildartekjum hjá öllum þeim félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt.

6.7.2. Útgjöld

Félög A, B, C og D eru með meirihluta langtímaskulda sinna í erlendri mynt, en nánari umfjöllun um skiptingu skulda má sjá í kafla 6.12 um fjármögnun. Fjármagnskostnaður þessara félaga er því að mestu leyti í erlendum gjaldmiðlum. Þegar skoðuð er skipting annars kostnaðar hjá þessum sömu félögum kom í ljós að flest þeirra greiddu laun í íslenskum krónum en launakostnaður hjá þeim var frá 16% upp í allt að 40% af heildarkostnaði félaganna. Launakostnaður í íslenskum krónum skapar því ákveðna gengisáhættu hjá þessum félögum þar sem tekjur þeirra eru í erlendum gjaldmiðlum og er jafnvel sá liður í rekstri félaganna sem skapar hvað mesta gengisáhættu þar sem hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði er í sumum tilvikum hátt. Hjá félagi A sem er með hvað hæst hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði, eða um 40%, er hluti launa tengdur þróun á gengi starfrækslugjaldmiðils félagsins og þar með tekjum þess. Ef tekjur félagsins aukast vegna gengisbreytinga aukast tekjur starfsmanna og að sama skapi ef tekjur félagsins dragast saman vegna gengisbreytinga dragast tekjur starfsmanna saman. Þannig nær félagið að draga að hluta til úr gengisáhættu sem skapast við launakostnað félagsins. Auk launakostnaðar er ýmis rekstrarkostnaður í íslenskum krónum þar sem starfsemi félaga A, B, C og D er á Íslandi. Kostnaður við aðföng, hjá þeim félögum sem það á við, er að miklu leyti í öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni. Ástæða þess að þessi kostnaður á ekki við hjá öllum félögum er sú að eðli starfsemi þeirra er ólík. Þessi kostnaður er þó lítilvægur í samanburði við heildarkostnað félaganna.

Þar sem félög A, B, C og D færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, þ.e. starfrækslugjaldmiðli hvers félags, eru afskriftir þeirra auk þess í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags en ekki í íslenskum krónum. Þessi kostnaðarliður breytist yfir í erlenda mynt þegar bókhaldi félaga er breytt í erlenda mynt. Ef eignir þessara félaga eru afskrifaðar miðað við upphaflegt kostnaðarverð ætti hlutfall afskrifta af heildarkostnaði að vera stöðugt á milli ára. Undantekning frá þessu gæti til að mynda verið ef varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnar árlega, eða með öðrum orðum færðir á gangvirði, en þá gæti fjárhæð afskrifta verið ólík á milli ára (*Lög um ársreikninga*). Aðrir eignaliðir geta jafnframt tekið breytingum á milli ára en þar má nefna liðinn viðskiptavild en samkvæmt íslenskum ársreikningalögum skal afskrifa viðskiptavild á tíu árum (*Lög um ársreikninga*) ólíkt alþjóðlegum

reikningsskilastöðlum, IFRS, þar sem viðskiptavild er metin árlega og afskrifuð í samræmi við matið (IFRS, 2017b). Í rannsókninni voru einnig skoðaðir ársreikningar allra þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt en í flestum þeirra kom ekki fram hvernig útgjöld félaganna skiptast eftir gjaldmiðlum.

Þegar bornir eru saman ársreikningar félaga A, B, C og D sést með skýrum hætti að eðli starfsemi þeirra er ólík. Félög A, B og C eiga mikla fastafjármuni á meðan félag D á nánast enga. Afskriftir þeirra og fjármagnskostnaður vegur því mismikið af heildarkostnaði félaganna. Ljóst er að þrátt fyrir að færsla bókhalds og samningur ársreiknings í erlendum gjaldmiðli dragi úr sveiflum í rekstri félaganna er launakostnaður áhættuþáttur í rekstri þessara félaga ásamt ýmsum öðrum tilfallandi kostnaði. Félögin sem um ræðir eru ýmist með flókna framvirka samninga til að sporna gegn sveiflum í rekstri eða svokallaðar náttúrulegar áhættuvarnir þar sem kostnaður í íslenskum krónum samsvarar að miklu leyti tekjum í íslenskum krónum. Þannig er reynt að lágmarka áhrif gengisbreytinga á rekstur félaganna.

6.8. Helstu breytingar hjá félögum við upptöku nýs gjaldmiðils

6.8.1. Greiningarvinna

Forsvarsmenn félags B lýstu ferlinu við breytingu á gjaldmiðli félagsins sem viðamiklu ferli. Þegar upp kom sú hugmynd að breyta um gjaldmiðil í rekstri félagsins hófst mikið greiningarferli. Greina þurfti hverjir gjaldmiðlar félagsins væru og hvernig þeir birtust í rekstrinum. Horft var til að mynda til þess hvaða þættir myndu breytast með tilliti til áhættu, reksturs, efnahags, eigin fjár og tekna við það að breyta um gjaldmiðil í rekstri félagsins. Félagið fékk með sér í lið ýmsa ráðgjafa sem fóru vel yfir alla þætti rekstursins og auk þess var farið í mikla sviðsmyndagreiningu. Meðal annars voru tekin fyrir þau áhrif sem yrðu á rekstur félagsins ef íslenska krónan myndi styrkjast eða veikjast ásamt áhrifum af því að hafa fjármögnun félagsins í mismunandi gjaldmiðlum. Niðurstaðan var sú að félagið er með það mikil viðskipti í bandaríkjadöllum að hagsmunum þess var best borgið í því að færa bókhald og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli í stað íslensku krónunnar. Ástæða þess að félagið fór í svona viðamikla greiningarvinnu er af því félagið hugsar breytingarnar til langs tíma en ekki til skamms tíma. Því er mikilvægt að velta upp þeim þáttum sem breytingarnar hafa áhrif á bæði til skamms og til langs tíma ásamt mögulegum breytingum á ytri þáttum í framtíðinni.

6.8.2. Breytingar við færslu bókhalds

Félögin voru ýmist með bókhaldskerfi sem bjóða upp á færslu bókhalds í annarri mynt en íslensku krónunni eða uppfærðu hjá sér bókhaldskerfin til þess að mæta þessum nýju þörfum og því var kostnaður við umbreytinguna mismikill. Að sögn forsvarsmanna þessara félaga var ferlið að breyta færslu bókhalds yfir í erlenda mynt í sjálfu sér ekki mjög flókið þar sem færsla bókhalds er í raun framkvæmd eins og áður, nema í annarri mynt. Það sem forsvarsmenn allra félaganna nefndu þó að hefði tekið nokkurn tíma fyrir starfsfólk að venjast var sá hugsunarháttur að félagið starfaði eftir breytingu í annarri mynt en íslensku krónunni og þar af leiðandi væri íslenska krónan í sjálfu sér orðin erlend mynt. Þannig væri tilfinning starfsmanna fyrir nýja gjaldmiðlinum ekki eins mikil og fyrir íslensku krónunni sem getur leitt til fleiri mistaka og skekkna við færslu bókhalds.

6.8.3. Breytingar við útreikning skatta

Félög A, C og D færa bókhald í tveimur gjaldmiðlum, annars vegar í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags og hins vegar í íslenskum krónum. Rekstur félaganna byggir á bókhaldi í starfrækslugjaldmiðli þeirra en samhliða því bókhaldi eru allar færslur færðar í íslenskum krónum sem er þá nokkurs konar aukagjaldmiðill félaganna og geta félögin þannig ávallt flett upp einstaka færslum í íslenska bókhaldinu. Þessi félög tóku ákvörðun um að greiða skatta eftir íslenska bókhaldinu en samkvæmt lögum um tekjuskatt, sem fjallað var um í kafla 4.1.3., er þeim félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings heimilt að greiða skatta eftir bókhaldi í starfrækslugjaldmiðli félagsins eða eftir bókhaldi í íslenskum krónum. Félag B færir einungis bókhald í erlendri starfrækslumynt og greiðir því skatta eftir því bókhaldi. Eins og áður hefur komið fram getur orðið einhver munur á tekjuskattstofni félaga eftir því hvort þau kjósi að greiða skatta eftir bókhaldi í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli. Viðmælendur töldu að til langs tíma hefði það ekki áhrif á greiðslur skatta hjá félögunum hvor aðferðin varð fyrir valinu, þ.e. að greiða skatta eftir bókhaldi í erlendri mynt eða eftir bókhaldi í íslenskum krónum. Hins vegar töldu forsvarsmenn félaganna að einhverjar sveiflur séu á milli ára á tekjuskattstofni eftir hvoru bókhaldinu skattar eru greiddir eftir. Þeir töldu þó að sveiflurnar ættu að jafnast út með tímanum. Stjórnendur þessara félaga tóku ekki ákvörðun um að breyta um gjaldmiðil í rekstri félaganna út frá sjónarmiðum um lægri skattgreiðslur. Þessar niðurstöður styðja við rök Samtaka atvinnulífsins sem börðust fyrir því, þegar frumvarp um heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt var lagt fram, að leyfa ætti greiðslur skatta út frá bókhaldi í erlendri mynt þar sem að til lengri tíma

ætti skattalegt hagræði eða óhagræði að jafnast út („Skattamál: bókhald og ársreikningar í erlendri mynt“, 2002).

6.9. Rekstrarform félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli

Þegar þeim félögum sem nýta sér fengna heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt er skipt niður eftir rekstrarformum eins og sjá má í töflu 4 kemur í ljós að langstærstur hluti þeirra eru einkahlutafélög, alls 74%. Það rekstrarform sem kemur næst einkahlutafélögum í fjölda er hlutafélög en alls 19% þeirra félaga sem nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt tilheyra því rekstrarformi. Önnur félög sem hafa slíka heimild eru ýmist sameignarfélög, samlagsfélög eða útibú erlendra félaga.


Tafla 4

Hlutfall félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eftir rekstrarformum

| Rekstrarform | Hlutfall |
|-----------------------|----------|
| Einkahlutafélög | 74% |
| Hlutafélög | 19% |
| Útibú erlendra félaga | 3% |
| Samlagsfélög | 2% |
| Sameignarfélög | 2% |
| Samtals | 100% |

Ef hins vegar er horft til fjölda félaga sem tilheyra rekstrarforminu einkahlutafélög, og nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt, sem hlutfall af heildarfjölda allra félaga á Íslandi sem tilheyra rekstrarforminu einkahlutafélög sést að aðeins um 0,5% íslenskra einkahlutafélaga hafa og nýta sér heimild til færslu bókhalds í erlendri mynt eins og sést á mynd 7. Langflest þeirra félaga sem nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt tilheyra rekstrarforminu einkahlutafélög en heildarfjöldi einkahlutafélaga á Íslandi er tæplega 35.000 eða um helmingur af öllum félögum á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2016b). Þrátt fyrir að fjöldi einkahlutafélaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt sé nokkur er hlutfall þeirra af heildarfjölda einkahlutafélaga á Íslandi einungis tæplega 0,5%. Á mynd 7 sést einnig að tæplega 11% af íslenskum félögum sem flokkast undir rekstrarformið útibú erlendra félaga eru með og nýta sér heimild til færslu

bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Hjá hlutafélögum og samlagsfélögum er þetta hlutfall um 6% en hjá sameignarfélögum er það minna en 1%. Þessar niðurstöður gefa til kynna að innan rekstrarformsins útibú erlendra félaga sé hvað algengast að félög færi bókhald og semji ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Ástæður þess geta verið margar en ljóst er að móðurfélög þessara félaga færa sitt bókhald í annarri mynt en íslensku krónunni þar sem félögin eru erlend.



Mynd 7. Hlutfall félaga, innan ákveðins rekstrarforms, sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli

6.10. Áhrif erlends gjaldmiðils á rekstur og efnahag félaga


Allir forsvarsmenn félaganna sem tekin voru viðtöl við nefndu að ástæða þess að félögin hófu að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendri mynt fremur en íslenskum krónum væri að draga úr sveiflum í rekstri félaganna. Af þessum fjórum félögum hafa félög A og C fært bókhald og samið ársreikning í erlendri mynt í nokkurn tíma og því reynsla komin á breytingarnar. Á þessum tíma telja forsvarsmenn félaganna að því markmiði, að draga úr sveiflum í rekstri félaganna, hafi verið náð. Áhrif þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt á rekstur þessara félaga hafa því verið jákvæð.

Forsvarsmáður félags A kom inn á það að sveiflur innan liða efnahagsreiknings félagsins hefði verið ein ástæða þess að félagið hóf að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt. Viðkomandi félag hafði fyrir breytingarnar verið með skuldir í erlendri mynt sem og tekjur en þar sem félagið var með bókhald í íslenskum krónum á þessum tíma voru eignir þess bókfærðar

í íslenskum krónum. Í ársbyrjun 2008 ákváðu stjórnendur félags A að breyta um gjaldmiðil í rekstri félagsins en þá var gengi íslensku krónunnar sterkt gagnvart evru. Veiking í gengi íslensku krónunnar gagnvart evru hefði getað haft þau áhrif á efnahagsreikning félagsins að skuldir hefðu hækkað á meðan eignir hefðu staðið í stað. Áhrifin hefðu því getað orðið þau að eigið fé félagsins hefði dregist saman og jafnvel orðið neikvætt. Að sama skapi myndu áhrifin vera andstæð ef til styrkingar íslensku krónunnar hefði komið en eigið fé félagsins hefði þá aukist. Gefið að félag greiði út arð geta þessar sveiflur í eigin fé haft þau áhrif að upphæð arðgreiðslna verður óstöðug á milli ára þar sem herra eigið fé kallar á hærri upphæð arðgreiðslu og öfugt. Þrátt fyrir aukið eigið fé og þannig auknar kröfur um hærri arðgreiðslur er ekki víst að rekstur viðkomandi félags standi undir upphæð arðgreiðslna þar sem sveiflur í eigin fé endurspeгла ekki endilega framvindu rekstursins.

6.10.1. Eiginfjárlutföll

Í rannsókninni var gögnum safnað úr ársreikningum allra þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Ársreikningarnir sem gögnin voru fengin úr eru frá rekstrarárinu 2015 þar sem flest þeirra félaga, sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings, höfðu ekki skilað inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2016 á þeim tíma sem gögnunum var aflað. Þessi félög eru ólík bæði í uppbyggingu og rekstri auk þess sem þau eru misstór. Af þessum félögum voru um 70% með jákvætt eigið fé í lok rekstrarárs 2015. Á mynd 8 sést hvernig hlutfall eigin fjár skiptist á milli þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt í lok rekstrarárs 2015. Af þessum félögum eru um 30% með ekkert eða neikvætt eigið fé. Á myndinni má einnig sjá að tæplega helmingur þessara félaga er með yfir 40% eiginfjárlutfall. Þar sem gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur breyst mikið frá árslokum 2015 getur verið að eiginfjárlutföll þessara félaga séu ekki þau sömu í dag og þau voru í lok rekstrarárs 2015. Erfitt er því að segja til um út frá þessum gögnum hvort félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt séu almennt betur stæð fjárhagslega en önnur félög.



Mynd 8. Eiginfjárlutfall þeirra félaga sem hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt í lok rekstrarárs 2015

6.10.2. Framúrskarandi fyrirtæki

Ef þessi sömu félög eru hins vegar skoðuð út frá ítarlegri greiningu sem Creditinfo hefur gert síðastliðin sjö ár sem sýnir hvaða fyrirtæki teljast til fyrirmyndar á Íslandi („Framúrskarandi fyrirtæki“, e.d.) fæst skýrari niðurstaða. Til þess að fyrirtæki teljist framúrskarandi samkvæmt skilgreiningu Creditinfo þurfa fyrirtæki að vera í lánshæfisflokk 1-3 á skalanum 1-10. Lánshæfismat Creditinfo byggir á tíu þáttum. Það sem hefur mikil áhrif á lánshæfismat fyrirtækja eru vanskilauplýsingar og notkun kerfa hjá Creditinfo. Gögn frá fyrirtækjaskrá, ársreikningar, tengd fyrirtæki og einstaklingar hafa auk þess nokkurt vægi en gögn úr skattskrá og greiðsluhegðun fyrirtækjanna hafa lítið vægi á lánshæfismatið. Á Íslandi eru um það bil 35.000 félög skráð í hlutfélagaskrá en af þeim er rúmur þriðjungur sem flokkast í lánshæfisflokk 1-3 hjá Creditinfo („Lánshæfismat“, e.d.). Til þess að teljast til framúrskarandi fyrirtækja þurfa fyrirtæki að auki að hafa skilað rekstrarhagnaði síðastliðin þrjú ár ásamt jákvæðri ársniðurstöðu. Því til viðbótar þarf eiginfjárlutfall þessara félaga að vera hærra en 20% og eignir þeirra þurfa að vera hærri en 80 milljónir í meira en þrjú ár í röð. Félögin þurfa auk þess að hafa skráðan framkvæmdastjóra í hlutfélagaskrá ásamt því að vera virk samkvæmt skilgreiningu Creditinfo („Framúrskarandi fyrirtæki“, e.d.). Samkvæmt skilgreiningu Creditinfo eru nokkur skilyrði sem félag þarf að uppfylla til þess að teljast virkt en þau eru meðal annars að félag hafi verið flett upp af fjórum eða fleiri áskrifendum í VOG, Vanskilaskrá

eða lánshæfismati fyrirtækja á síðastliðnum 12 mánuðum, að félag sé opinn áskrifandi hjá Creditinfo og að til séu upplýsingar um það í greiðsluhegðunargrunni Creditinfo af þremur ársfjórðungum innan síðustu fjögurra ársfjórðunga. Samkvæmt skilgreiningunni telst félag meðal annars ekki vera virkt ef það hefur verið fellt brott samkvæmt fyrirtækjaskrá, eða ef það hefur í skýringu nýjasta ársreiknings eitthvað af eftirfarandi: að engin starfsemi hafi verið á árinu, að félagið hafi verið sameinað öðru félagi eða að félaginu hafi verið slitið á árinu (Leifur Grétarsson, viðskiptastjóri hjá Creditinfo, munnleg heimild, 7. apríl 2017). Auk þessara sjö skilyrða sem hér hafa verið nefnd fyrir því að fyrirtæki teljist til framúrskarandi fyrirtækja samkvæmt Creditinfo þurfa félög, sem teljast framúrskarandi, að hafa skilað ársreikningi fyrir 1. september ár hvert („Framúrskarandi fyrirtæki“, e.d.).

Af alls 35.000 fyrirtækjum sem eru skráð í hlutafélagaskrá teljast 628 fyrirtæki vera framúrskarandi fyrirtæki árið 2016 eða tæplega 2%. Þegar félög sem nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt eru skoðuð kemur í ljós að af þeim flokkast 16% sem framúrskarandi félög árið 2016. Hlutfall þeirra félaga sem nýta sér heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt og teljast til framúrskarandi fyrirtækja árið 2016 er því mun hærra en hlutfall allra fyrirtækja á Íslandi sem teljast til framúrskarandi fyrirtækja árið 2016. Þessar niðurstöður gefa til kynna að rekstur þeirra félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt sé hlutfallslega betri en rekstur annarra íslenskra félaga.

6.11. Tímasetning

Forsvarsmenn þeirra félaga sem rætt var við í rannsókninni höfðu orð á því að sú tímasetning sem var valin þegar ákveðið var að breyta gjaldmiðli félagsins, úr íslenskum krónum í erlenda mynt, hafi ekki tekið mið af stöðu íslensku krónunnar heldur hafi rekstrarlegar forsendur legið að baki ákvörðunarinnar. Hjá félagi C hafði reikningsskilaaðferð félagsins nokkur áhrif á tímasetningu breytinganna. Þetta félag notast við alþjóðlega reikningsskilastaðla en samkvæmt þeim er félögum skylt að færa bókhald í starfrækslugjaldmiðli félagsins (IFRS, 2017a). Tímasetningin ákvarðaðist því að hluta til út frá því að meirihluti tekna og gjalda var þá orðinn í annarri mynt en íslensku krónunni. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem félagið beitir var þeim skylt að breyta um gjaldmiðil í rekstri þar sem meirihluti tekna og gjalda félagsins voru í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni.

Hjá félagi B höfðu stjórnendur lengi velt þeirri hugmynd fyrir sér að skipta um gjaldmiðil í rekstri félagsins þar sem rekstur þess hafði tekið á sig högg á liðnum árum vegna sveiflna í

gengi gjaldmiðla. Félagið breytti um gjaldmiðil í rekstri sínum í ársbyrjun 2016. Eftir á að hyggja töldu forsvarsmenn félagsins þó að skynsamlegra hefði verið að bíða með breytinguna í um það bil eitt ár. Á því tímabili þegar félagið var að breyta um gjaldmiðil ákváðu stjórnendur þess að færa skuldir félagsins í sama erlenda gjaldmiðil og rekstur félagsins var færður í. Á sama tíma og breytingarnar áttu sér stað styrktist gengi íslensku krónunnar nokkuð og því hækkuðu íslenskar skuldir félagsins hlutfallslega miðað við eignir þess. Erfitt hafi þó verið að sjá fyrir þessa styrkingu íslensku krónunnar og þrátt fyrir þessa tímasetningu telja forsvarsmenn félagsins að til langs tíma hafi sú ákvörðun að breyta um gjaldmiðil í rekstri félagsins, á þessum tíma, verið rétt.

Forsvarsmenn félags A höfðu orð á því að tímasetningin hefði verið góð þegar félagið breytti um gjaldmiðil í rekstri þess, þ.e. í ársbyrjun 2008. Hins vegar nefndu þau að hefði félagið beðið með breytinguna í einhverja mánuði hefði staðan verið önnur og verri. Skömmu eftir að félagið breytti um gjaldmiðil veiktist gengi krónunnar nokkuð en þannig hefði eigið fé félagsins getað fuðrað upp á skömmum tíma og jafnvel orðið neikvætt.


Forsvarsmenn félaga A, B, C og D töldu allir að vissulega hefði tímasetning við breytingu á gjaldmiðli félaganna að einhverju leyti haft áhrif á ákvörðunina. Hins vegar töldu þeir að forsendur ákvörðunarinnar hefðu að langmestu leyti verið rekstrarlegs eðlis enda breytingarnar hugsaðar til langs tíma.

6.11.1. Möguleg áhrif gengisbreytinga á fjölda veittra heimilda

Ef skoðuð eru öll félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og sammings ársreiknings í erlendri mynt kemur í ljós að fjöldi þeirra sem hafa fengið veitta fyrrnefnda heimild er breytilegur á milli ára en á mynd 9 má sjá hvenær þessi félög fengu heimildina veitta. Jafnframt sýnir myndin breytingar á gengi íslensku krónunnar á móti annars vegar evru og hins vegar bandaríkjadal. Á myndinni sést að fjöldi félaga sem hafa fengið fyrrnefnda heimild sveiflast nokkuð á milli ára. Á árunum fyrir og í efnahagshruni Íslands fyrir um tíu árum sést að fjöldi þeirra félaga sem fá heimild til færslu bókhalds og sammings ársreiknings í erlendri mynt eykst umtalsvert, sér í lagi árið 2008. Á síðastliðnum tveimur árum, þ.e. árin 2015 og 2016, sést einnig að nokkur aukning hefur verið í fjölda þeirra félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og sammings ársreiknings í erlendri mynt. Ef fjöldi þessara félaga er skoðaður með gengi gjaldmiðlanna í huga sést að fjöldi veittra heimilda sveiflast að nokkru leyti samhliða breytingum í gengi íslensku krónunnar á móti evru annars vegar og bandaríkjadal hins vegar en þar ber helst að nefna að hlutfallslega margar heimildir hafa verið veittar þegar gengi íslensku krónunnar er

sterkt. Að sama skapi voru hlutfallslega fáar heimildir veittar þegar gengi íslensku krónunnar var veikt á árunum 2010-2014. Niðurstöðurnar gefa til kynna að fleiri félög fá veitta heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikning í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni þegar gengi íslensku krónunnar er sterkt í samanburði við evru og bandaríkjadal.


Á sömu mynd sést að á árunum 2008 og 2009 eru hlutfallslega margar heimildir veittar til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt en það var 18. desember 2008 sem lög voru samþykkt á Alþingi, eins og áður hefur komið fram, að heimila félögum að færa bókhald afturvirkir í erlendum gjaldmiðlum í þeim tilvikum þar sem félög uppfylltu tilsett skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til þess að sækja um heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðlum (Þingskjal, 285, 2008-2009).



Mynd 9. Fjöldi félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt og breytingar á gengi íslensku krónunnar 2002-2016 (Seðlabanki Íslands, e.d.)

Fjöldi veittra heimilda til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er ólíkur á milli ára eins og mynd 9 sýnir. Ef horft er einungis til evru og bandaríkjadals, en 216 félög notast við annan hvorn þeirra gjaldmiðla af þeim 236 félögum sem hafa heimildina, sést að breytilegt er á milli ára hvor þessara gjaldmiðla er ríkjandi hverju sinni. Mynd 10 sýnir þessa skiptingu á milli ára en þar sést að allt fram til ársins 2006 er bandaríkjadalur í yfirgnæfandi

meirihluta. Frá ársbyrjun 2006 til ársloka 2014 tekur evran forskotið en meirihluti félaga sem fá veitta fyrrnefnda heimild, á því tímabili, nota evru sem gjaldmiðil við færslu bókhalds og samnings ársreiknings. Frá ársbyrjun 2015 hefur hlutfall bandaríkjadals aukist á ný.



Mynd 10. Fjöldi félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í evrum og bandaríkjadöllum 2002-2016

6.12. Fjármögnun

Félög A, B, C og D eiga það sameiginlegt að vera að mestum hluta fjármögnuð í sama erlenda gjaldmiðli og meirihluti tekna þeirra er í. Félag A, sem gerir upp í evrum, er til að mynda með allar sínar langtímaskuldir í evrum. Félag D, sem einnig gerir upp í evrum, er þannig uppbyggt að starfsemin þarfnast ekki mikilla fastafjármuna og því eru langtímaskuldir þess nánast engar. Hjá félagi B, sem færir bókhald og semur ársreikning í bandaríkjadöllum, eru um 80% langtímaskulda í bandaríkjadöllum, 12% í íslenskum krónum en 8% í öðrum gjaldmiðlum. Hjá félagi C, sem jafnframt færir bókhald og semur ársreikning í bandaríkjadöllum eru um 60% langtímaskulda í bandaríkjadöllum, um 23% í evrum, 13% í íslenskum krónum en um 4% í öðrum gjaldmiðlum. Þessi félög, að undanskildu félagi D, eru með að minnsta kosti um 83% langtímaskulda í þeim gjaldmiðli sem þau færa bókhald og semja ársreikninga í.


Í rannsókninni voru skoðaðir ársreikningar allra félaga, sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli fyrir rekstrarárið 2015, þar sem fá félög voru búin að skila inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2016 eins og áður hefur komið fram. Í einungis 20% þessara ársreikninga var hægt að sjá skiptingu skulda á milli starfrækslugjaldmiðils og annarra gjaldmiðla. Af öllum þessum félögum var rúmlega helmingur þeirra með yfir 50% af heildarskuldum, þ.e. skammtíma- og langtímaskuldum, í starfrækslugjaldmiðli sínum.

Í öllum þeim viðtölum sem tekin voru kom fram að einn af kostum þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli væri að það auðveldaði félögunum að sækja erlent fjármagn. Með notkun alþjóðlegs gjaldmiðils við samning ársreiknings skilja erlendir fjárfestar og lánveitendur betur ársreikning félaganna. Auk þess skilja þeir betur hegðun alþjóðlega gjaldmiðilsins. Hjá félagi B var samhlíða breyttum gjaldmiðli farið í endurfjármögnun á öllum skuldum félagsins þar sem innlendar skuldir voru greiddar upp og þær endurfjármagnaðar í nýja gjaldmiðli félagsins. Það eitt að bókhald félagsins og samningur ársreiknings hafi verið í alþjóðlegri mynt hjálpaði lánveitendum þeirra að skilja rekstur félagsins betur og þannig var auðveldara fyrir félagið að endurfjármagna sig í erlendri mynt. Forsvarsmenn félags A töldu að eftir að félagið breytti um gjaldmiðil við færslu bókhalds og samnings ársreiknings hafi áhugi erlendra fjárfesta aukist nokkuð þar sem skilningur þeirra á ársreikningi félagsins jókst.

6.12.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Forsvarsmenn félaga A, B og C nefndu einnig að þar sem félögin fylgdu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) væri skilningur erlendra fjárfesta mun meiri á rekstrinum og liðum í ársreikningum félaganna. Það eitt að notast við alþjóðlega reikningsskilastaðla fremur en íslenska reikningsskilastaðla hefði einfaldað fjárfestum að meta félögin og greiðslugetu þeirra og þannig aukið áhuga þeirra á þeim. Markmið alþjóðlegra reikningsskilastaðla er einmitt að auka gegnsæi og gæði fjárhagsupplýsinga auk þess að auðvelda alþjóðlegan samanburð á milli félaga bæði fyrir fjárfesta og aðra aðila á markaði. Þannig verður tungumál reikningsskilanna samræmt á milli félaga og á milli landa („IFRS Foundation and IASB“, e.d.).

Af þeim 236 félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt hlíta alls 19 af þeim félögum, eða um 8%, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Heildarfjöldi allra félaga á Íslandi sem fylgir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er 72. Það er því ljóst að stór hluti íslenskra félaga sem fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum færa einnig bókhald sitt og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli en um 21% íslenskra félaga sem hlíta IFRS stöðlum færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eins og mynd 11 sýnir.



Mynd 11. Hlutfall félaga sem hlíta IFRS stöðlum

7. Umræða

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að bandaríkjadalur og evra eru langalgengustu erlendu gjaldmiðlarnir sem félög á Íslandi hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í, eða hjá yfir 90% þessara félaga. Af þessum félögum eru 121 með heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í evrum en 95 félög í bandaríkjadöllum. Fjöldi allra þeirra félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt er alls 236. Það er athyglisvert hve lágt hlutfall félaga færa bókhald og semja ársreikning í öðrum gjaldmiðli en evrum og bandaríkjadöllum. Til að mynda er hlutfall félaga sem nýta sér gjaldmiðla nágrannaþjóða Íslands (Danmörk, Svíþjóð og Noregur) mjög lágt.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom jafnframt fram hvernig félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er skipt niður eftir atvinnugreinum. Sú atvinnugrein sem hefur hæsta hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er Álframleiðsla en í þeirri atvinnugrein eru einungis sjö félög og hafa fimm af þeim heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Þrátt fyrir að flestar þær atvinnugreinar sem hafa hvað hæst hlutfall félaga sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt telji tiltölulega fá félög, sem getur skýrt hátt hlutfall, er niðurstaðan lýsandi fyrir atvinnugreinarnar. Það sem kemur einnig á óvart í niðurstöðunum um skiptingu félaga sem

hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli eftir atvinnugreinum er að ólíkar atvinnugreinar notast við ólíka gjaldmiðla. Í þessu samhengi má nefna fyrrnefnda atvinnugrein, Álframleiðsla, en innan hennar nota öll þau félög sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt bandaríkjadal. Sama má segja um atvinnugreinina Farþegaflutningar með áætlunarflugi. Af þessu má ætla að viðskipti innan ákveðinna atvinnugreina fari fram í sama gjaldmiðli óháð markaðssvæði. Það gæti jafnframt útskýrt af hverju hlutfallslega fá umræddra félaga færa bókhald og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðlum en evru eða bandaríkjadal svo sem gjaldmiðlum nágrannaþjóða Íslands (Danmörk, Svíþjóð og Noregur).

Helstu ástæður þess að stjórnendur félaga ákveða að færa bókhald félagsins og semja ársreikning í erlendri mynt fremur en íslensku krónunni eru þær að starfsemi þessara félaga fer að mestu leyti fram í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og þar af leiðandi gefur bókhald og ársreikningur í erlendri mynt réttari mynd af rekstrinum. Notkun alþjóðlegs gjaldmiðils er einnig til þess fallin að geta dregið úr gengisáhættu ákveðinna félaga. Það kom höfundum á óvart að þau félög sem fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eru skyldug til þess að færa bókhald og semja ársreikning í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags. Þetta er ólíkt ársreikningalögum á Íslandi þar sem félög geta kosið að færa bókhald og semja ársreikning í íslenskum krónum þrátt fyrir að starfrækslugjaldmiðill þeirra sé annar. Auk þess var athyglisvert að flest þeirra félaga, sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendum gjaldmiðli og voru stofnuð eftir að lög heimiluðu slíkt, hafi sótt um fyrrnefnda heimild eftir að rekstur þeirra hófst. Með öðrum orðum að flest þessara félaga hafi byrjað að notast við íslensku krónuna en síðar sótt um heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt í stað þess að hefja rekstur sinn í erlendum gjaldmiðli. Þessar niðurstöður benda til þess að einhverjar forsendur í rekstri þessara félaga hafi breyst frá stofnun þeirra og til þess dags er þau sóttu um heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt.

Í viðtölunum sem tekin voru við gerð rannsóknarinnar voru allir forsvarsmenn félaganna sammála um að ákvörðun stjórnenda um að breyta um gjaldmiðil í rekstri þeirra hefði dregið úr gengisáhættu félaganna. Það kom höfundum á óvart hve mörg félög, af þeim félögum sem hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt, eru með neikvætt eiginfjárhlutfall þ.e. að skuldir félaganna eru meiri en eignir þeirra. Það er þó þannig að mörg félög hætta ekki starfsemi þrátt fyrir neikvætt eigið fé en um 4% af félögum sem eru skráð í kauphallir í Bandaríkjunum hafa haft neikvætt eigið fé allt frá 1985 en þrátt fyrir það haldið

áfram starfsemi. Varast skal því að flokka öll félög með neikvætt eigið fé sem félög sem eiga í fjárhagserfiðleikum (Ang, 2015). Niðurstöðurnar um eiginfjárlutföll þessara félaga voru fengnar úr ársreikningum frá 2015 og því þarf að taka þeim með fyrirvara þar sem þær endurspeгла ekki endilega stöðu þessara félaga í dag.

Einnig var athyglisvert að skoða félögin út frá lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki 2016. Á lista Creditinfo kemur fram að tæplega 2% íslenskra fyrirtækja voru framúrskarandi árið 2016. Ef hins vegar öll þau félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eru skoðuð kemur í ljós að af þeim flokkast um það bil 16% sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2016 sem verður að teljast ansi hátt hlutfall í samanburði við hlutfall allra fyrirtækja á Íslandi. Þetta gæti gefið til kynna að þau félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli séu hlutfallslega betur stödd fjárhagslega og rekstrarlega séð heldur en önnur félög á Íslandi. Í niðurstöðunum kemur þó ekki fram orsök þess að félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt séu betur stödd fjárhagslega og rekstrarlega séð og því er ekki hægt að álykta um hvort ástæðan sé vegna þess gjaldmiðils er þau notast við.

Það er áhugavert að sjá að þegar félög fara út í þær breytingar að skipta um gjaldmiðil í rekstri getur tímasetning haft mikið að segja. Niðurstöðurnar sýna að þegar gengi íslensku krónunnar er sterkt gagnvart öðrum gjaldmiðlum er hagkvæmara fyrir félög, sér í lagi þau félög sem eru fjármögnuð í erlendri mynt, að breyta færslu bókhalds og samningi ársreiknings yfir í erlendan gjaldmiðil. Styrkleiki íslensku krónunnar getur haft áhrif á eiginfjárlutfall þeirra félaga sem skipta yfir í erlendan gjaldmiðil í rekstri sínum, gefið að þau séu fjármögnuð í erlendum gjaldmiðli. Þegar bornar eru saman tölur yfir fjölda félaga sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt kemur auk þess í ljós að fjöldi þessara félaga er tengdur styrkleika íslensku krónunnar hverju sinni. Fleiri félög hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt þegar gengi íslensku krónunnar hefur verið sterkt í samanburði við evru og bandaríkjadal. Að sama skapi eru færri félög sem hafa fengið veitta heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt þegar gengi íslensku krónunnar hefur verið veikt í samanburði við evru og bandaríkjadal. Jafnframt var forvitnilegt að sjá að fyrstu árin eftir að lög voru samþykkt um að heimila félögum að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendri mynt sóttu flest félög um heimild til notkunar bandaríkjadals. Það var ekki fyrr en árið 2006 sem fjöldi félaga sem sóttu um að notast við evru jókst til muna og jókst umfram fjölda félaga sem sóttu um að notast við bandaríkjadal.

7.1. Takmarkanir og frekari rannsóknir

Í rannsókninni voru einungis tekin viðtöl við forsvarsmenn fjögurra félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt en ekki er víst að svör þeirra endurspegli öll slík félög. Hins vegar ber að nefna að tilgangur viðtalanna var að afla upplýsinga frá forsvarsmönnum þessara félaga um ýmsar forsendur sem liggja að baki því að félög ákveða að breyta um gjaldmiðil í rekstri sínum. Viðtölin eru því ekki tæmandi niðurstaða um forsendur allra þeirra félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt en gefa hugmynd um forsendur og ástæður þess að stjórnendur félaga kjósa að færa reksturinn í erlenda mynt. Ákjósanlegra hefði verið, til þess að fá marktækari niðurstöður úr viðtölum rannsóknarinnar, að taka viðtöl við forsvarsmenn fleiri félaga og jafnvel að taka viðtöl við forsvarsmenn félaga úr öllum atvinnugreinum til þess að fá skýrari niðurstöður. Þetta gæti verið efni í nýja og viðameiri eigindlega rannsókn. Auk þess væri forvitnilegt að skoða ástæður þess að frá og með 2006 hafi fjöldi félaga sem fengu heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í evrum aukist mikið á skömmum tíma ólíkt félögum sem hafa fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í bandaríkjadal en fjöldi þeirra hefur verið stöðugri á milli ára. Að lokum væri áhugavert að kanna hver ástæða þess að hlutfall fyrirtækja sem teljast til framúrskarandi fyrirtækja sé hærra á meðal þeirra félaga sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt heldur en hlutfall allra fyrirtækja á Íslandi.

7.2. Lokaorð

Ljóst er út frá niðurstöðum rannsóknarinnar að alls 236 félög á Íslandi hafa heimild til færslu bókhalds og samnings ársreiknings í erlendri mynt. Af þeim færa 19 félög bókhald samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Langflest þessara félaga notast við evru eða bandaríkjadal við uppgjör, eða um 90%. Margvíslegar ástæður liggja að baki því að stjórnendur þessara félaga ákváðu að breyta um gjaldmiðil í rekstri en helst ber að nefna lágmarkun gengisáhættu þar sem rekstur félaganna er að miklu leyti í erlendum gjaldmiðlum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda jafnframt til þess að félög sem færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skili betri rekstrarniðurstöðu og séu fjárhagslega betur sett en önnur íslensk félög. Að lokum benda niðurstöðurnar til þess að tímasetning geti skipt máli þegar breytt er um gjaldmiðil í rekstri félags.

8. Heimildaskrá

- Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. (e.d.). *Ríkisskattstjóri*. Sótt 3. apríl 2017 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/althjodlegir-reikningsskilastadlar/>
- Ang, T. C. (2015). Are firms with negative book equity in financial distress? *Review of Pacific Basin Financial Markets and Policies*, 18(3), 1-41.
- Baldur Guðlaugsson. (2009). *Vefrit fjármálaráðuneytisins*. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið. Sótt 10. mars 2017 af https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_15._januar_2009.pdf
- Bókhald. (e.d.). *Ríkisskattstjóri*. Sótt 7. mars 2017 af <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/bokhald-og-tekjuskraning/bokhald/>
- Christie, E. og Marshall, A. (2001). The impact of the introduction of the euro on foreign exchange risk management in UK multinational companies. *European Financial Management*, 7(3), 419-434.
- Countries using the euro. (e.d.). *European Union*. Sótt 15. apríl 2017 af http://europa.eu/european-union/about-eu/countries_en#countries_using_the_euro
- Erling Tómasson og Sigurður Páll Hauksson. (2008). *Minnisblað: yfirfærsla bókhalds og uppgjör í erlendri mynt, kostir og gallar*. Kópavogur: Deloitte. Sótt 5. mars 2017 af http://www.vinumarkadur.outcome.is/files/Minnisbla%C3%B0%20FX08191208_1297056708.pdf
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2011). *Endurskoðandinn: Umhverfi, hlutverk, ábyrgð*. Sótt 15. janúar 2017 af https://www.fle.is/static/files/2013/lokaeintak_f.pdf
- Fjármálaeftirlitið. (2007). *Reikningsskil í erlendri mynt: Umfjöllun og hugsanleg áhrif*. Sótt 17. mars 2017 af https://www.fme.is/media/utgefid-efni/08_03_2007_Reikningsskil-i-erlendri-mynt_Skyrsla-FME-um-uppgjor-i-erlendri-mynt.pdf

- Framúrskarandi fyrirtæki. (e.d.). *Creditinfo*. Sótt 18. mars 2017 af <https://www.creditinfo.is/framurskarandi/default.aspx>
- Hagstofa Íslands. (2009). *Ísat 2008: Íslensk atvinnugreinaflokkun*. Sótt 6. mars 2017 af <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>
- Hagstofa Íslands. (2016a). *Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir atvinnugreinum 2008-2016* [tafla]. Sótt 24. mars 2017 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi_fyrirtaeki/FYR01001.px/
- Hagstofa Íslands. (2016b). *Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum 2005-2016* [tafla]. Sótt 18. apríl 2017 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__fjoldi_fyrirtaeki/FYR01001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=947b468b-ed1d-4506-a9f8-511ecef877c9
- IFRS Foundation and IASB. (e.d.). *IFRS*. Sótt 1. apríl 2017 af <http://www.ifrs.org/About-us/Pages/IFRS-Foundation-and-IASB.aspx>
- International Financial Reporting Standards. (2017a). *IAS 21: The Effects of Changes in Foreign Exchange Rates*. Sótt 5. apríl 2017 af <http://eifrs.ifrs.org/eifrs/bnstandards/en/2017/ias21.pdf>
- International Financial Reporting Standards. (2017b). *IAS 36: Impairment of assets*. Sótt 6. apríl 2017 af <http://eifrs.ifrs.org/eifrs/bnstandards/en/2017/ias36.pdf>
- International Financial Reporting Standards. (2017c). *IFRS 7: Financial Instruments: Disclosures*. Sótt 6. apríl 2017 af <http://eifrs.ifrs.org/eifrs/bnstandards/en/2017/ifrs07.pdf>
- Knútur Þórhallsson. (2002). Ársreikningar í erlendri mynt. *FLE fréttir*, 25(1), 1-2.
- Lánshæfismat. (e.d.). *Creditinfo*. Sótt 1. apríl 2017 af <https://www.creditinfo.is/lausnir-og-gogn/lanshaefismat.aspx>
- Lög um ársreikninga* nr. 3/2006
- Lög um bókhald* nr. 145/1994
- Lög um tekjuskatt* nr. 90/2003
- Lög um vátryggingastarfsemi* nr. 56/2010

- OFX. (e.d.). *Historical exchange rates* [tafla]. Sótt 11. apríl 2017 af <https://www.ofx.com/en-us/forex-news/historical-exchange-rates/>
- PricewaterhouseCoopers. (2013). *How Should Global Companies Communicate Currency Risk?* Sótt 17. apríl 2017 af <http://www.pwc.com/us/en/audit-assurance-services/accounting-advisory/publications/assets/pwc-currency-risk-communication-in-financial-reporting.pdf>
- PricewaterhouseCoopers. (2016). *Skattar*. Sótt 19. mars 2017 af <https://www.pwc.is/is/assets/document/skattar-2016-islenski.pdf>
- Seðlabanki Íslands. (e.d.). *Tímaraðir í Excel* [tafla]. Sótt 11. apríl 2017 af <http://www.seðlabanki.is/?PageId=3ea6d66d-e51e-4c7b-bb0d-bedc5377e014>
- Skattamál: bókhald og ársreikningar í erlendri mynt. (2002). *Samtök atvinnulífsins*. Sótt 28. febrúar 2017 af <http://www.sa.is/frettatengt/eldri-frettir/skattamal-bokhald-og-arsreikningar-i-erlendri-mynt/>
- Skil á ársreikningum. (e.d.). *Ríkisskattstjóri*. Sótt 3. mars 2017 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/skil-a-arsreikningum/>
- Van Auken, H. og Carraher, S. M. (2011). How do small firms use financial statements? *Allied Academies International Conference. Academy of Accounting and Financial Studies, 16(1)*, 35-42.
- Viðskiptaráð Íslands. (2008). *Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum: Eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar*. Sótt 23. mars 2017 af <http://www.vi.is/files/2139112675suppgjor7.pdf>
- Þingskjal 285. (2008-2009). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi A-deild, 136*. Sótt 25. febrúar 2017 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/0285.html>
- Þingskjal 468. (2001-2002). Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi A-deild, 127*. Sótt 22. febrúar 2017 af <http://www.althingi.is/altext/127/s/0468.html>
- Þingskjal 975. (2014-2015). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán,

varúðarreglur). *Alþingistíðindi A-deild, 144*. Sótt 22. febrúar 2017 af
<http://www.althingi.is/altext/144/s/0975.html>

Þorsteinn Pétur Guðjónsson. (2014). *IFRS: Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*. Kópavogur:
Deloitte. Sótt 4. mars 2017 af
<https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/audit/IFRS%20in%20your%20pocket%202014.pdf>